Sþ. 

# 45. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun

fyrir árið 1982.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 21. október 1981.)

## I

## Inngangur

Allt frá því að undirbúningsvinna við gerð fjárlagafrumvarps ársins 1982 hófst á s. l. vori hefur verið lögð á það rík áhersla af hálfu fjármálaráðherra, að samtímis væri unnið að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þess árs, þannig að ákvarðanir ríkisstjórnar um báða þessa mikilvægu þætti efnahagsmálastefnunnar yrðu teknar samtímis. Sem kunnugt er hefur verið á því nokkur misbrestur á síðari árum, að slíkri samræmingu í stefnumótun yrði við komið, þar sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hefur jafnan verið töluvert síðbúnari en fjárlagafrumvarpið og jafnvel ekki verið afgreidd fyrr en nokkuð var liðið á gildisárið. Þetta hefur af augljósum ástæðum haft mjög raskandi áhrif á framkvæmdir. Að þessu sinni hefur, eins og fyrr greinir, verið unnið jafnhliða að gerð fjárlagafrumvarps og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og því tekist að leggja lánsfjáráætlunina fram í kjölfar fjárlagafrumvarpsins. Með þessu er bætt úr fyrri vanköntum jafnframt því sem forsendur almennrar hagstjórnar eru bættar að mun.

Þessi breytta tímasetning verður til þess að gera má ráð fyrir að áætlunin kunni að taka einhverjum breytingum fyrir endanlega afgreiðslu í ljósi breyttra aðstæðna. Hvort tveggja er, að undir lok ársins verða ýmsar reikningslegar stærðir varðandi niðurstöðu líðandi árs orðnar ljósari en við gerð áætlunarinnar, og á hinn bóginn verður ekki loku fyrir það skotið að einhverjar af meginforsendum þjóðhagsáætlunar, er máli skipta fyrir bæði lánsfjáráætlunina og fjárlög, taki breytingum fram að afgreiðslu mála á þingi.

Stærsta viðfangsefnið í lánsfjármálum Íslendinga á næstu árum er að auka innlendan sparnað og lánsfjáröflun. Verðbólguþróun undanfarinna áratuga hefur skert svo eiginfjárstöðu banka og hvers konar sjóða sem veitt hafa lán, að þjóðin hefur orðið að treysta fyrst og fremst á erlendar lántökur við eflingu skipastóls, byggingu orkuvera og raunar til hvers konar meiriháttar atvinnu- og orkuframkvæmda. Erlendar skuldir þjóðarbúsins eru því miklar, og ljóst er að þær eiga eftir að aukast enn á næstu árum vegna fyrirhugaðra stórframkvæmda í orku- og iðnaðarmálum. Því ber brýna nauðsyn til að auka lánsfjáröflun innanlands til sameiginlegra þarfa landsmanna eins og framast er unnt, og er gert ráð fyrir því í lánsfjáráætlun ársins 1982 að ákveðin skref verði stigin í þá átt.

Þar sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin er þetta tímanlega á ferðinni hefur þótt eðlilegt að stytta verulega tvo kafla hennar, annan er lýtur að þjóðhagsáætlun, sem fjallað er um í stefnuræðu forsætisráðherra, og hinn um einstakar opinberar framkvæmdir, en ítarlega greinargerð þar að lútandi er að finna í fjárlagafrumvarpi. Að öðru leyti er efnisskipan svipuð og í síðustu áætlun. Sömu aðilar og fyrr hafa annast undirbúningsvinnu, þ. e. fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins.

## II

## Þjóðhagsleg markmið og þjóðhagshorfur

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 er reist á þeim markmiðum í efnahagsmálum, sem sett eru fram í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 og eru hin helstu þessi:

Næg og örugg atvinna,
frekari hjöðnun verðbólgu, og
jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd.

Þessum, svo og öðrum markmiðum efnahagsstefnunnar, er nánar lýst í þjóðhagsáætlun svo og þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til þess að þeim verði náð. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin er veigamikill þáttur efnahagsstefnunnar og í þessari skýrslu er gerð ítarleg grein fyrir einstökum atriðum fjárfestingar- og lánamála.

Þjóðhagsforsendur áætlunarinnar eru í aðalatriðum hinar sömu og forsendur fjárlagafrumvarpsins og nánar er lýst í þjóðhagsáætlun. Nú eru horfur á að þjóðarframleiðsla aukist um 1—1 ½% á þessu ári og þjóðartekjur um 2%, þar sem viðskiptakjör hafa farið batnandi. Þetta er betri útkoma en gert var ráð fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins, fyrst og fremst vegna þess að afli verður meiri en þar var reiknað með og hækkun á gengi Bandaríkjadollars gagnvart Evrópumyntum bætir viðskiptakjörin, að minnsta kosti um sinn. Þar sem þjóðarútgjöld og innflutningur virðast ekki að marki víkja frá því sem spáð var fyrr á árinu gæti útflutningsaukning og viðskiptakjarabati skilað sér í talsvert minni viðskiptahalla en búist var við. Atvinnuástand hefur almennt verið gott, þótt erfiðleika hafi orðið vart á einstökum stöðum og í einstökum atvinnugreinum. Hins vegar virðist skortur á vinnuafli í sumum greinum, og yfir sumarmánuðina hefur líklega verið umframeftirspurn eftir vinnuafli til verklegra framkvæmda. Að einhverju leyti stafar það af því, að framkvæmdaáætlanir hafa verið síðbúnar og framkvæmdir því ekki hafist fyrr en komið var fram á sumar. Með því að afgreiða allar mikilvægustu ákvarðanir í fjárfestingar- og lánamálum um leið og fjárlög fyrir áramót gefst betri tími en verið hefur til þess að undirbúa framkvæmdir og þær ættu því að geta dreifst betur á árið en verið hefur. Verðlagsþróunin hefur í aðalatriðum orðið eins og að var stefnt í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar um áramótin s. l. og líkur á að verðlag hækki um 40% frá upphafi til loka árs en um 50% að meðaltali milli áranna 1980 og 1981.

Á næsta ári er ekki unnt að gera ráð fyrir umtalsverðri aukningu á sjávarafla frá því sem verið hefur á þessu ári. Þá ættu hins vegar álverksmiðjan og járnblendiverksmiðjan að geta starfað með fullum afköstum, og með lítilsháttar aukningu sjávarafurðaframleiðslunnar ætti útflutningsframleiðsla því að geta aukist um nálægt 4%. Að því er viðskiptakjör varðar eru nú frekar líkur á að þau gætu versnað heldur á ný á næsta ári. Ekki er við því að búast að gengi dollars gagnvart Evrópumyntum styrkist umfram það sem orðið er, en hætt er við að gengishækkun dollars hafi smám saman áhrif á markaðsverð afurða í viðskiptum við Evrópulönd þegar samið er um verð í dollurum. Hækkun útflutningsverðs gæti því orðið tiltölulega lítil á næsta ári, þegar á heildina er litið, en gera verður ráð fyrir áframhaldandi hækkun innflutningsverðs. Á þessum forsendum um útflutningsframleiðslu og viðskiptakjör eru þjóðarútgjöldum settar þröngar skorður á næsta ári, ef ná á því markmiði að jafnvægi verði í utanríkisviðskiptum. Samkvæmt fjárfestingarspánni dregst fjármunamyndun saman á næsta ári. Þróun einkaneyslu er um margt óráðin, en í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir lítilsháttar aukningu. Með þessu yrðu þjóðarútgjöld nokkurn veginn óbreytt frá því sem er á þessu ári. Innflutningur vöru og þjónustu ætti samkvæmt þessu að aukast minna en útflutningur og þannig yrði náð hallalausum utanríkisviðskiptum. Þjóðarframleiðslan gæti þá vaxið um 1% en aukning þjóðartekna yrði þó minni, ef viðskiptakjör versna, eða um ½%.

Verðlagsforsendur fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar eru hinar sömu og forsendur fjárlagafrumvarps, enda svo margvísleg tengsl á milli þessara áætlana að óhjákvæmilegt er að hvort tveggja sé á sama verðlagi. Þannig er miðað við að verðlag hækki um 33% milli áranna 1981 og 1982.

# III

# Fjárfesting

## Heildarfjárfesting

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981, sem lögð var fram á Alþingi í mars síðastliðnum, var gert ráð fyrir að fjármunamyndunin í heild drægist saman um 4,1% frá fyrra ári. Endurskoðuð spá sýnir svipaðan samdrátt í heild, eða 4%, þótt nokkrar breytingar verði á einstökum liðum frá því sem gert var ráð fyrir í fjárfestingaráætlun ársins. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981 var gert ráð fyrir að fjárfesting atvinnufyrirtækja yrði 12,6% minni en í fyrra, en samdrátturinn er nú talinn verða um 8% frá fyrra ári. Þá var í ársbyrjun reiknað með svipuðum íbúðabyggingum í ár og í fyrra, en nú eru hins vegar taldar horfur á 5% samdrætti. Loks er nú búist við heldur minni aukningu í opinberum framkvæmdum en í fjárfestingaráætlun í ársbyrjun. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 var sett fram á sömu verðlagsforsendum og beitt var í fjárlögum, þ. e. 42% meðalhækkun milli áranna 1980 og 1981. Nú er hins vegar talið að verðlag fjármunamyndunarinnar hækki að meðaltali um 48% á árinu. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu er fjárfestingin nú áætluð 25—26% af þjóðarframleiðslu og er það heldur lægra hlutfall en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun.

**Fjármunamyndun 1981—1982**

| | Verðlag hvors árs í m.kr. | | | Magnbreytingar frá fyrra ári, % | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lánsfjár-áætlun 1981 | Spá 1981 | Lánsfjár-áætlun 1982 | Lánsfjár-áætlun 1981 | Spá 1981 | Lánsfjár-áætlun 1982 |
| 1. Atvinnuvegir | 1 836 | 2 000 | 2 419 | -12,6 | -8,1 | -9,1 |
| 2. Íbúðarhús | 1 036 | 1 062 | 1 412 | 0,0 | -5,0 | 0,0 |
| 3. Opinberar framkvæmdir | 2 010 | 2 062 | 2 512 | 2,8 | 1,2 | -6,1 |
| þ. a. orkuframkvæmdir | (1 065) | (1 081) | (1 157) | 0,0 | 0,0 | -15,4 |
| 4. Samtals | 4 882 | 5 124 | 6 406 | -4.1 | -4,0 | -6,0 |
| 5. Fjárfesting sem hlutfall af þjóðarframleiðslu | 26,0% | 25,5% | 23,7% | | | |

Á árinu 1982 er fjármunamyndunin í heild talin dragast saman um 6,0% frá fyrra ári og verða nær 24% af þjóðarframleiðslu. Verðlagsforsendur fjárfestingaráætlunarinnar eru hinar sömu og í fjárlagafrumvarpi, þ. e. 33% meðalhækkun verðlags milli áranna 1981 og 1982. Fjárfesting atvinnufyrirtækja er talin munu dragast saman um 9,1% frá fyrra ári, áætlað er að opinberar framkvæmdir minnki um 6,1%, en að íbúðabyggingar haldist óbreyttar eftir fjögurra ára stöðnun og samdrátt. Séu hreinsitæki álverksmiðjunnar undanskilin, en uppsetningu þeirra lýkur um næstu áramót, verður samdrátturinn í fjárfestingu atvinnufyrirtækja 2,8% og samdrátturinn í heildarfjárfestingunni 3,6%.

## Atvinnuvegirnir

Fjárfestingaráætlunin er hvað atvinnufyrirtæki varðar að hluta reist á vitneskju um framkvæmdaáform og verk- og kaupsamninga fyrirtækja svo og á spám um framvindu

fjárfestingar í einstökum atvinnugreinum. Í landbúnaði hefur fjárfesting farið minnkandi undanfarin tvö ár og er enn gert ráð fyrir nokkrum samdrætti á þessu ári. Samkvæmt spánni fyrir árið 1981 verður landbúnaðarfjárfesting svipuð og á árinu 1971 en um fimmtungi minni en hún var að meðaltali árin 1972—1980. Þessi samdráttur á meðal annars rætur að rekja til þeirrar stefnu, sem fylgt hefur verið í landbúnaði að undanförnu, að draga úr framleiðslu búfjárafurða. Í áætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að þessara áhrifa gæti enn og fjárfestingin verði um 5% minni en á þessu ári. Fjárfesting í fiskiskipum hefur verið mjög sveiflukennd síðasta áratuginn en frá árinu 1978 hefur hún þó haldist allstöðug. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins 1981 var gert ráð fyrir um 10% samdrætti þessarar fjárfestingar en nú eru hins vegar horfur á nær 10% aukningu. Þessi breyting stafar af innflutningi fiskiskipa og endurbótum skipa erlendis umfram það sem áformað var í byrjun ársins. Öll aukningin frá fyrra ári kemur fram í endurbótum skipa erlendis, en þær voru með mesta móti. Í ár er gert ráð fyrir að einn nýr skuttogari verði keyptur til landsins og sjö notuð fiskiskip. Innlend skipasmíði verður að líkindum svipuð og í fyrra og virðast skipasmíðastöðvarnar nú starfa með nær fullum afköstum. Í fjárfestingaráætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir minni innflutningi en í ár og reiknað með tveimur togurum. Auk þess er áætlað að minna verði um endurbætur á eldri skipum erlendis en á þessu ári. Innlend skipasmíði er loks talin verða svipuð og á þessu ári. Í heild er fjárfesting í fiskiskipum áætluð dragast saman um 7—8% á árinu 1982. Fjárfesting fiskvinnslufyrirtækja er talin aukast um 5% á þessu ári og er það óbreytt frá fjárfestingaráætlun ársins. Þessi fjárfesting verður þá með því mesta sem verið hefur á síðustu árum. Í áætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að fjárfesting í fiskvinnslu dragist heldur saman.

Framkvæmdum við uppsetningu hreinsibúnaðar við álverksmiðjuna lýkur á þessu ári. Engar framkvæmdir hafa ennþá verið ákveðnar við verksmiðjuna á næsta ári. Framkvæmdum við járnblendiverksmiðjuna er nú að mestu lokið. Fjárfesting í iðnaði öðrum en þeim, sem áður hefur verið talinn, hefur farið vaxandi undanfarin ár. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þessa árs voru taldar horfur á um fimmtungsaukningu á árinu en líklegt sýnist að einungis verði um litla aukningu að ræða eða um 3%. Þessi breyting stafar að mestu af því að framkvæmdir við áburðarverksmiðjuna verða minni á þessu ári en reiknað var með í fjárfestingaráætlun ársins en aftur á móti þeim mun meiri á árinu 1982. Heildaraukningu fjárfestingar í þessari atvinnugrein má hins vegar rekja til stækkunar áburðarverksmiðjunnar en talið er að samdráttur verði í annarri iðnaðarfjárfestingu. Í áætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir 10% aukningu þessarar fjárfestingar. Áætlað er að stækkun áburðarverksmiðjunnar ljúki að mestu á árinu, en að öðru leyti er meðal annars höfð hliðsjón af hugsanlegum framkvæmdum við nýiðnaðarfyrirtæki þau, sem heimildarlög voru sett um á síðastliðnu vori. Framkvæmdafyrirætlanir eru hins vegar afar óráðnar í þessari grein.

Í fjárfestingaráætlun þessa árs var búist við um 45% samdrætti í kaupum flutningatækja en nú eru horfur á minni samdrætti eða um 20%. Þessi breyting stafar af skipakaupum Eimskipafélags Íslands, sem ekki var reiknað með í ársbyrjun. Samdrátturinn í þessari tegund fjárfestingar í heild stafar hins vegar af mun minni flugvélakaupum en í fyrra auk þess sem dregið hefur úr kaupum atvinnubifreiða, sem voru með mesta móti í fyrra. Í áætlun ársins 1982 er ekki reiknað með neinum meiriháttar kaupum á flugvélum og hvað skipakaup varðar er m. a. gert ráð fyrir kaupum á notuðu skipi fyrir Skipaútgerð ríkisins. Þá er reiknað með að innflutningur atvinnubifreiða verði heldur minni en á þessu ári. Samtals er þannig áætlað að innflutningur flutningatækja dragist saman um 6% á árinu 1982. Mikil aukning var í fjárfestingu í ýmsum vélum og tækjum á árinu 1980 og í ár er spáð um 15% samdrætti en 5% samdrætti á árinu 1982.

## Íbúðabyggingar

Er fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins 1981 var sett fram var talið að smíði íbúðarhúsa hefði dregist saman um 5% á árinu 1980, en þessi áætlun var óviss þar sem byggingarskýrslur lágu þá ekki fyrir. Jafnframt var þá áætlað að íbúðabyggingar héldust svipaðar í ár og í fyrra. Var þá til þess litið að áformað var að útlán opinbera íbúðalánakerfisins yrðu aukin verulega, en á hinn bóginn fælist þessi aukning að talsverðu leyti í útlánum til verkamannabústaða en þau nema miklum mun hærra hlutfalli af byggingarkostnaði en hin almennu íbúðalán. Auk þess var óvíst að hve miklu leyti yrði unnt að byrja á smíði nýrra félagslegra bygginga á árinu. Á móti útlánaaukningunni vó ennfremur að því talið var, að tekjuþróun einstaklinga benti fremur til samdráttar en aukningar í íbúðabyggingum auk þess sem samdráttar hefði gætt í byrjunum á árunum 1979 og 1980.

Byggingarskýrslur ársins 1980 eru enn ófullkomnar. Þær sýna þó, að á því ári hefur naumast orðið um samdrátt að ræða og er nú áætlað að smíði íbúðarhúsa hafi reynst svipuð árin 1979 og 1980. Þessi breyting á áætlun stafar mest af því að meira reyndist byggt í Reykjavík en áætlað hafði verið, einkum af stórum íbúðum í einbýlis- og raðhúsum. Þessi niðurstaða gefur ein sér ástæðu til að ætla að íbúðabyggingarnar 1981 verði minni en í fyrra, auk þess sem í henni felst að fyrirliggjandi verkefni við smíði íbúðarhúsa hafi verið minni í ársbyrjun en þá var ætlað. Þá þykir nú sýnt að byrjunum hafi fækkað á árinu 1980 og margt bendir til að þeim fækki í ár auk þess sem upplýsingar Húsnæðisstofnunar um lánsumsóknir benda til að mun færri íbúðir hafi verið gerðar fokheldar undanfarin tvö misseri en árið áður. Af þessum sökum er nú gert ráð fyrir að íbúðabyggingar dragist saman á þessu ári, e. t. v. um 5% að því er Þjóðhagsstofnun áætlar.

Í fjárfestingaráætlun ársins 1982 er gert ráð fyrir svipuðum íbúðabyggingum og á þessu ári. Sýnt er að íbúðabyggingar hafa minnkað undanfarin ár og einkum hefur dregið úr byrjunum. Verkefni í ársbyrjun 1982 verða því minni en við upphaf þessa árs nema hvað varðar verkamannabústaði og aðrar félagslegar byggingar, sem munu aukast verulega. Heildarútlán peningakerfisins til íbúðakaupa og íbúðabygginga hafa aukist töluvert að undanförnu. Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að útlánageta Byggingarsjóðs verkamanna verði stóraukin á næsta ári eftir mikla aukningu í ár. Útlán Byggingarsjóðs ríkisins dragast á hinn bóginn saman í ár og á næsta ári, vegna minni eftirspurnar eftir lánum, en í heild er áætlað að útlán sjóðanna tveggja aukist að raungildi um 8% á þessu ári og 18% á næsta ári. Með hliðsjón af þessu og þar sem reiknað er með að vaxandi umsvif við smíði verkamannabústaða og aðrar félagslegar byggingar vegi upp hugsanlegan samdrátt í smíði annarra íbúða á árinu 1982 er gert ráð fyrir að í heild verði íbúðabyggingar svipaðar að vöxtum og á þessu ári.

## Opinberar framkvæmdir

Í spánni fyrir árið 1981 er sem fyrr segir gert ráð fyrir að opinberar framkvæmdir aukist um rösklega 1% frá fyrra ári. Þessi spá og einstakir liðir hennar fela í sér fremur litlar breytingar frá fjárfestingaráætlun ársins. Í áætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir, að opinberar framkvæmdir dragist saman um 6%, og stafar það fyrst og fremst af því að nú er að ljúka ýmsum stórum verkáföngum í orkuframkvæmdum, einkum við Hrauneyjafossvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja, Hitaveitu Borgarfjarðar og Hitaveitu Akureyrar. Af þessum sökum er áætlað að raforkuframkvæmdir dragist saman um 8½% á árinu 1982 og hitaveituframkvæmdir um 32%. Samkvæmt þessum áætlunum yrðu orkuframkvæmdir um 46% af heildarframkvæmdum hins opinbera á árinu 1982 en verða að líkindum um 52—53% í ár og urðu um 47—48% á árinu 1980. Um raforkuframkvæmdir 1982 má helst nefna að áætlað er að framkvæmdir Landsvirkjunar verði um þriðjungi minni en á þessu ári og auk Hrauneyjafossvirkjunar, sem lokið verður við að mestu á næsta ári, verði á vegum fyrirtækisins unnið við Kvíslaveitu og stækkun Þórisvatnsmiðlunar. Aðrar raforkuframkvæmdir eru taldar

verða töluvert meiri en í ár, einkum vegna umfangsmikils undirbúnings nýrra virkjana og aukinna framkvæmda við byggðalínur. Víða verður unnið að hitaveituframkvæmdum á árinu 1982 og eru mestar framkvæmdir áætlaðar á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Akureyrar. Fjárfesting í samgöngumannvirkjum er áætluð aukast um 3% á árinu 1982 eftir lítilsháttar samdrátt á þessu ári. Útgjöld til vegagerðar og brúarsmíði eru áætluð aukast um 2% að raungildi, en að öðru leyti er miðað við að framkvæmdir við flugvelli, hafnir og vita svo og gatna- og holræsagerð sveitarfélaga haldist að mestu óbreyttar frá fyrra ári. Framkvæmdir Pósts og síma og Ríkisútvarpsins falla undir þennan lið; hjá Pósti og síma mun mest fara fyrir framkvæmdum við sjálfvirkan síma í sveitum en hjá Ríkisútvarpinu verður unnið við smíði útvarpshúss. Framkvæmdir við byggingar hins opinbera, en hér er einkum um skóla og sjúkrahús að ræða, hafa s. l. tíu ár verið mjög svipaðar að vöxtum á ári hverju. Þær drógust þó heldur saman á árunum 1978 og 1979, en jukust á árinu 1980 og munu aukast enn á þessu ári. Í fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir að þessi byggingarstarfsemi aukist um 6,8% á árinu 1982.

Um opinberar framkvæmdir, sem ætlað er að fjármagna með lántökum, er nánar fjallað í sérstökum kafla. Þá vísast til taflna 1—3 um fjármunamyndun í töfluviðauka þar sem fjárfestingaráætlunin 1982 er sýnd í nánari sundurliðun og í samanburði við framvinduna undangengin tvö ár.

### Fjárfesting og atvinnuhorfur

Í fjárfestingaráætluninni fyrir árið 1982, sem hér hefur verið rakin, felst um 5% samdráttur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eftir um 1—2% samdrátt á þessu ári og 4—5% aukningu á árinu 1980. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð jókst mjög ört framan af síðasta áratug en staðnaði síðan eftir miðjan áratuginn. Umsvif í þessari grein hafa orðið mest árin 1977 og 1978 og á árinu 1980. Atvinna í byggingarstarfsemi jókst mjög með örum vexti þessarar starfsemi á árunum 1971 til 1974 en síðan hægði á aukningunni og atvinnan — mæld í ársmönnum út frá gögnum um slysatryggðar vinnuvikur — dróst heldur saman árin 1977 og 1978, en það eru síðustu tvö árin sem þessar mælingar ná enn til. Athyglisvert er, að atvinna í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hefur aukist mun minna á síðastliðnum áratug en nemur vexti starfseminnar sjálfrar. Ætla má, að auknum framkvæmdum umfram aukningu á fjölda fólks í vinnu við þær hafi verið mætt með hvoru tveggja, auknum afköstum, m. a. af völdum aukinnar vélvæðingar, og auknum vinnutíma. Breytingar á umsvifum eru því ekki lengur beinn mælikvarði á breytingar í atvinnu.

Á þessu ári hefur atvinnuástand í byggingarstarfsemi verið nokkuð breytilegt, eins og raunar svo oft áður. Framan af ári voru umsvif í þessari grein víða með minna móti og á stöku stað gætti nokkurs atvinnuleysis, einkum á Akureyri, en þar dró mjög úr byggingarstarfsemi eftir mikla þenslu undanfarin ár. Á hinn bóginn urðu umsvif með mesta móti yfir sumarmánuðina þannig að í stað slaka á vinnumarkaði virðist fremur hafa gætt töluverðrar spennu. Þessi framvinda á meðal annars rætur að rekja til þess, að ýmsar framkvæmdaáætlanir, meðal annars hjá hinu opinbera, urðu síðbúnar, og óvissu gætti framan af ári um einstök verkefni og fjármögnun framkvæmda. Ekki síst af þessum sökum er brýnt að ákvarðanir um framkvæmdir og fjármögnun þeirra séu teknar tímanlega, eins og að er stefnt með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982.

Hvað varðar atvinnuhorfur á árinu 1982 verður að hafa í huga að sá samdráttur, sem gert er ráð fyrir að verði í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, stafar allur af minni orkuframkvæmdum, sem hafa verið mjög sveiflukenndar undanfarin ár, en húsbyggingar eru áætlaðar svipaðar og á árinu 1981. Vinnuafl í orkuframkvæmdum er hins vegar mun minna en í húsbyggingum, ef miðað er við framkvæmdafjárhæð, og áhrifin á atvinnu verða því minni en ella. Fjárfestingarspáin felur í sér að fjármunamyndun verði nær 24% af þjóðarframleiðslu á árinu 1982, og er þetta aðeins lægra hlutfall en verið hefur síðasta áratuginn.

## IV

## Fjármögnun

Í þessum kafla verður reynt að gera grein fyrir fjármögnun fjárfestingarinnar eftir leiðum lánsfjármarkaðarins og þar með að tengja saman þau áform, sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin felur í sér um þá tvo meginþætti, er hún dregur nafn af. Æskilegt væri að gera þessa greiningu fyllri með samstilltu yfirliti fjármögnunar af eigin fé, opinberum framlögum og lánsfé. Þessa er þó enginn kostur með svo knöppum undirbúningstíma sem nú veitist til áætlunarverksins, enda ekki heldur fyrir hendi marktækt yfirlit um liðinn tíma til samanburðar. Hér verður því fjallað um lánsfjármögnun í nánari atriðum, en um aðra fjármögnun aðeins sem afgangsstærð.

**Opinber öflun og ráðstöfun lánsfjár**

Vandi opinberrar lánsfjáröflunar er mjög áþekkur því sem er á árinu 1981. Innlendur sparnaður hefur eflst mjög, og er þess að vænta að sú þróun haldi áfram. Aukningin hefur að mestu leyti komið fram innan bankakerfisins, auk drýgri endurgreiðslna lána til fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða með verðtryggingu lánanna. Nokkurn tíma tekur að afla reynslu um það, í hverjum mæli þessir aðilar geta lagt fram fé til sameiginlegra þarfa umfram eigin útlán, svo og að finna og þróa þær fjáröflunarleiðir sem best henta. Fram til þessa hefur einkum verið treyst á samninga við bankastofnanir og lífeyrissjóði, innan ramma almennrar lagaskyldu hinna síðarnefndu til verðbréfakaupa.

Útgáfa nýrra spariskírteina er áætluð með hliðsjón af verðlags- og tekjuþróun og styðst auk þess við allmikla innlausn eldri bréfa sem skipt kann að verða í talsverðum mæli fyrir ný. Innheimta spariskírteinafjár umfram innlausn er reikningsleg áætlun, reist á ákvæðum lána og skírteina. Verðbréfakaup bankakerfisins eru áætluð að mestu eftir ákvæðum samkomulags við þessa aðila, en það felur í sér að viðskiptabankar láni 4% innlánaaukningar til Framkvæmdasjóðs og 3% til ríkissjóðs, en sparisjóðir 6% til ríkissjóðs.

Um áætlun fjármagns frá lífeyrissjóðum gegnir öðru máli. Hin geysimikla aukning lánveitinga á vegum Byggingarsjóðs verkamanna til íbúðabygginga á félagslegum grundvelli gerir óhjákvæmilegt að leita fast eftir aukinni innlendri fjármögnun til þeirra. Hafa má hliðsjón af því, að hátt lánshlutfall sjóðsins mun létta á lánsþörf frá lífeyrissjóðunum beint til félaga sinna. Er því áformað að leita eftir hækkun lánshlutfalls lífeyrissjóðanna til opinberra þarfa, úr 40% ráðstöfunarfjár, svo sem nú er lögskylt, upp í 45%. Af þessu fé munu Framkvæmdasjóður og ríkissjóður halda hlutfalli sínu óskertu frá áætlun um 1981, en mestöll aukningin mun koma í hlut Byggingarsjóðs verkamanna. Alls er lánsfé frá lífeyrissjóðunum áætlað 531 m. kr., þar af 476 m. kr. til fjárfestingarlánasjóða og 55 m. kr. til ríkissjóðs, og er þetta ríflega helmingur innlendrar lánsfjáröflunar samkvæmt áætluninni.

Aðrir innlendir liðir eru lán Atvinnuleysistryggingasjóðs, 52,4 m. kr., sem samkvæmt venju gengur til Byggingarsjóðs ríkisins, og skyldusparnaður ungmenna, er rennur til sama sjóðs. Hann er nú talinn nettó, að frádregnum útborgunum fyrri sparnaðar, 22,5 m. kr. Þessi sparnaður ætti að geta gefið mun meira af sér, og er unnið að því að kynna betur hin nýju ákvæði um verðtryggingu hans og skattfríðindi.

Á heildina litið nemur innlend fjármögnun 41% af þeirri fjáröflun sem hið opinbera beitir sér sérstaklega fyrir. Er þetta hlutfall ívið hærra en samkvæmt lánsfjáráætlun 1981 með síðari breytingum, 39%, en hins vegar nokkru lægra en útkoman 1980, 44,5%. Afganginn verður að taka að láni erlendis, 1 535,5 m. kr. eða 60% af heildinni. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs og hitaveitur og aðrar framkvæmdir sveitarfélaga verða að treysta að fullu á erlent lánsfé, að frátöldu því sem til hinna síðargreindu er miðlað um hendur fjárfestingarlánasjóða og Orkusjóðs. Sem erlend lán fjárfestingarlánasjóða eru hér aðeins sýnd þau, sem taka skal að opinberu frumkvæði til þarfa Framkvæmdasjóðs og Iðnþróunarsjóðs,

en ekki lán til innlendrar skipasmíði og vegna innfluttra fiskiskipa, sem veitt eru einkaaðilum fyrir milligöngu viðskiptabanka, enda þótt Fiskveiðasjóður ábyrgist þau og yfirtaki með tímanum.

Lánsfjáröflun hins opinbera í þeim skilningi, sem hér um ræðir, verður 2 599 m. kr., og felur það í sér hækkun fjárhæðar um 39%, en í ár er að óbreyttu séð fram á 67,3% hækkun sömu stærðar. Hlutur fjárfestingarlánasjóða í ráðstöfun þessa fjár vex talsvert og verður rétt um þriðjungur, 33,2%, en er áætlaður 29,2% í ár. Mótsvarandi hlutur opinberra framkvæmda lækkar þar með úr 70,8% í 66,8%. Hér veldur það einkum, að orkuframkvæmdir víkja um leið og íbúðafjármögnun færist í aukana.

**Opinber öflun lánsfjár og ráðstöfun þess á lánsfjáráætlun**

Í m.kr.

| | Útkoma 1980 | Lánsfjár-áætlun 1981[1]) | Lánsfjár-áætlun 1982 |
|---|---|---|---|
| **1. Innlend lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda** | | | |
| 1.1 Útgáfa spariskírteina | 70,0 | 90,0 | 150,0 |
| 1.2. Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé umfram innlausn | 97,7 | 90,0 | 107,0 |
| 1.3. Verðbréfakaup bankakerfis og Viðlagatryggingar | 37,2 | 108,0 | 143,0 |
| 1.4. Verðbréfakaup lífeyrissjóða | 11,8 | | |
| 1.5. Önnur fjáröflun | 13,4 | 30,0 | 40,0 |
| Samtals | 230,1 | 318,0 | 440,0 |
| **2. Innlend lánsfjáröflun fjárfestingarlánasjóða** | | | |
| 2.1. Verðbréfakaup lífeyrissjóða | 197,4 | 296,4 | 476,0 |
| 2.2. Lán Atvinnuleysistryggingasjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins | 16,8 | 36,4 | 52,4 |
| 2.3. Lán bankakerfis til Framkvæmdasjóðs | 36,3 | 44,0 | 70,0 |
| 2.4. Skyldusparnaður til Byggingarsjóðs nettó | 16,8 | 33,6 | 25,0 |
| Samtals | 267,2 | 410,4 | 623,4 |
| Innlend lánsfjáröflun, alls | 497,3 | 728,4 | 1 063,4 |
| **3. Erlend lán** | | | |
| 3.1. Erlend lán til opinberra framkvæmda | 560,4 | 1 016,9 | 1 345,3 |
| 3.2. Erlend lán til fjárfestingarlánasjóða | 59,9 | 124,4 | 190,2 |
| Samtals | 620,3 | 1 141,3 | 1 535,5 |
| **Lánsfjáröflun = Ráðstöfun lánsfjár** | 1 117,6 | 1 869,7 | 2 598,9 |
| **4. Opinberar framkvæmdir** | | | |
| 4.1. Framkvæmdir á A-hluta fjárlaga | 128,3 | 244,2 | 319,1 |
| 4.2. Framkvæmdir á B-hluta fjárlaga | 260,9 | 360,0 | 766,9 |
| 4.3. Landsvirkjun | 287,5 | 462,2 | 404,5 |
| 4.4. Önnur fyrirtæki með eignaraðild ríkisins | 23,6 | 43,2 | 104,5 |
| 4.5. Hitaveitur sveitarfélaga | 82,4 | 198,9 | 115,3 |
| 4.6. Aðrar framkvæmdir sveitarfélaga | 13,8 | 15,0 | 25,0 |
| Samtals | 796,6 | 1 323,5 | 1 735,3 |
| **5. Fjárfestingarlánasjóðir** | | | |
| 5.1. Framkvæmdasjóður | 161,3 | 255,4 | 430,2 |
| 5.2. Byggingarsjóðir ríkis og verkamanna | 113,5 | 236,9 | 374,4 |
| 5.3. Aðrir sjóðir | 46,2 | 53,9 | 59,0 |
| Samtals | 321,0 | 546,2 | 863,6 |

1) Með síðari breytingum lánsfjárlaga.

**Lánsfé til fjármunamyndunar**

Til þess að veita yfirlit yfir allt lánsfé til fjármunamyndunar hefur verið samin tafla í nýju og aðgengilegu formi (nr. 4 í viðauka). Taflan nær þó aðeins til hins eiginlega fjárfestingarlánakerfis, en ekki fjárfestingarlána á vegum banka og sparisjóða, enda torvelt að ráða í hve mikil brögð kunna að vera að þeim, og líklegt að talsverðar breytingar í því efni séu að gerast í sambandi við aukna verðtryggingu lána. Þar á móti kemur, að talsvert af lánum lífeyrissjóða og nokkuð af erlendum lánum og lánum fjárfestingarlánasjóða rennur ekki til samtíma fjárfestingar heldur til varanlegra notamuna, viðhalds og mannvirkja, styrkingar fyrri fjármögnunar og fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja.

Taflan sýnir hvernig lánsfé er veitt frá upprunaaðilum í efri hluta textadálks til fjárfestingarlánasjóða, þ. e. miðlunaraðila, og endanlegra fjárfestingarlánþega, og svo áfram í neðri hluta töflunnar, hvernig lánsfé sjóðanna er miðlað áfram, að nokkru á milli þeirra, en að mestu til fjárfestingarlánþega. Fæst þannig fram uppruni og endanleg ráðstöfun lánsfjármagnsins, alls 4 150,1 m. kr., auk allra millileiða kerfisins, en heildarsamtalan, 5 779,0 m. kr. er heildarvelta kerfisins.

Því talnaefni, sem taflan hefur að geyma, er lýst í einstökum atriðum í öðrum köflum skýrslunnar, og verður það ekki endurtekið hér. Það sem hún hefur til málanna að leggja er samantekt alls uppruna og ráðstöfunar lánsfjárins. Erlent lánsfé til fiskiskipa er hér talið til fjárfestingarlánasjóða í samræmi við kaflann um þá, og hefur það engin áhrif á niðurstöðutölur um uppruna fjár eða endanlega ráðstöfun.

Uppruni fjármagnsins sýnir vandamál fjármögnunarinnar í hnotskurn. Enn er aðeins rúmur helmingur af innlendum uppruna. Af þeim hluta er treyst á, að rúmur helmingur fáist frá lífeyrissjóðunum, og fá þarf 24% með framlögum ríkissjóðs, að meðtöldum mörkuðum skattstofnum, til fjárfestingarlánasjóða og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Aðeins tæp 20% eru áætluð koma frá hinum almenna lánamarkaði, er byggir á frjálsum sparnaði í mynd banka- og verðbréfaviðskipta. Vænst er, að þessi hluti geti í reynd orðið mun drýgri, þegar efling innlends sparnaðar og bankakerfisins verður farin að skila fullum árangri.

Ráðstöfun lánsfjárins til fjárfestingarlánþega er sem hér segir, svo og leiðrétt með frádrætti lána Byggingarsjóðs ríkisins út á eldri íbúðir, og eru þær lánsfjárhæðir reiknaðar sem hlutfall fjármunamyndunar í sömu aðalgreinum eða geirum.

| Áætlun 1982, m. kr. | Lánsfé | Lánsfé leiðrétt | Fjármunamyndun | Lánsfjárhlutfall % |
|---|---|---|---|---|
| Atvinnuvegir | 1152,0 | 1152,0 | 2419 | 47,6 |
| Íbúðaeigendur | 1161,0 | 999,0 | 1412 | 70,8 |
| Opinberir aðilar | 1837,1 | 1837,1 | 2512 | 73,1 |
| Alls | 4150,1 | 3988,1 | 6343 | 62,9 |

Samanburður þessara hlutfalla við síðustu tvö ár fer hér á eftir, og er þá stuðst við óendurskoðuð þau hlutföll er birt voru í lánsfjáráætlun 1981.

| | Hlutföll fjárfestingarlána % | | |
|---|---|---|---|
| | 1980 | 1981 | 1982 |
| Atvinnuvegir | 55,9 | 47,8 | 47,6 |
| Íbúðaeigendur | 60,0 | 66,4 | 70,8 |
| Opinberir aðilar | 62,4 | 70,0 | 73,1 |
| Alls | 59,2 | 60,9 | 62,9 |

# V

# Lánsfjáröflun til opinberra aðila

## Opinberar framkvæmdir á lánsfjáráætlun

Hér að framan hefur verið getið heildarframkvæmda hins opinbera á yfirstandandi ári og því næsta og hlut þeirra í heildarfjárfestingu þjóðarbúsins. Þar er m. a. komist að þeirri niðurstöðu að útlit sé fyrir að framkvæmdir hins opinbera aukist um 1,2% að magni árið 1981, en dragist hins vegar verulega saman árið 1982, eða um 6,1% þegar á heildina er litið, einkum vegna þess að nú er að ljúka umfangsmiklum áföngum í orkuframkvæmdum. Á árinu 1982 mun fyrst og fremst lögð áhersla á rannsóknir fyrir næstu stóráfanga í þessum framkvæmdaflokki. Í þessum hluta greinargerðarinnar verður í stórum dráttum getið þeirra einstakra framkvæmda opinberra aðila sem ráðgert er að afla lánsfjár til á þessari áætlun. Fer hér á eftir yfirlit yfir þessar framkvæmdir ásamt stuttum athugasemdum um einstaka þætti:

**Lánsfjáröflun til opinberra aðila á lánsfjáráætlun 1982**

Í þús. kr.

| | | |
|---|---|---|
| **1. Ríkissjóður** | | 1 135 970 |
| A-hluti | 319 080 | |
| B-hluti | 816 890 | |
| **2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs** | | 509 060 |
| Landsvirkjun | 404 560 | |
| Orkubú Vestfjarða, raforkuframkvæmdir | 20 000 | |
| Orkubú Vestfjarða, hitaveituframkvæmdir | 19 500 | |
| Steinullarverksmiðja, sjóefnavinnsla, stálbræðsla | 40 000 | |
| Iðnrekstrarsjóður vegna orkunýtingarrannsókna | 10 000 | |
| Annað | 15 000 | |
| **3. Sveitarfélög** | | 140 300 |
| Hitaveitur | 115 300 | |
| Annað | 25 000 | |
| Samtals (1+2+3) | | 1 785 330 |

*Ríkissjóður, A- og B-hluti*

Þar sem allítarleg grein er gerð fyrir einstökum lánsfjármögnuðum framkvæmdum og annarri lánsfjárþörf, er fellur undir A- og B-hluta, í greinargerð fjárlagafrumvarpsins, þykir ekki ástæða til að endurtaka þær athugasemdir hér heldur er vísað til athugasemda fjárlagafrumvarpsins og taflna 5—12 í viðauka hér á eftir. Lánsfjáröflun til eftirtalinna liða krefst þó umfjöllunar.

**Þjóðarbókhlaða.** Lánsfjáröflun til framkvæmda við Þjóðarbókhlöðu er aukin um 2 000 þús. kr. og nemur alls 7 500 þús. kr. Aukning á lánsfjáröflun er vegna kostnaðarsamari framkvæmda við klæðningu útveggja en áður var talið. Fjárveiting nemur 4 500 þús. kr. þannig að til ráðstöfunar verða alls 12 000 þús. kr.

**Byggðalínur.** Lánsfjárútvegun til framkvæmda við byggðalínur 1982 er alls áformuð 100 493 þús. kr. Til framkvæmda við byggðalínuáfanga sem unnið er að og þegar hafa verið ákveðnir renna 40 493 þús. kr. Þá er áformað að 60 000 þús. kr. renni til hönnunar og byrjunarframkvæmda við Suðurlínu, þ. e. milli Hafnar í Hornafirði og Sigöldu. Í töflu 11 í töfluviðauka er sýnd skipting lánsfjárins á helstu verkefni.

**Sementsverksmiðja ríkisins.** Ráðgert er að afla lánsfjár alls 18 000 þús. kr. á árinu 1982. Fyrirtækið hefur átt í fjárhagserfiðleikum á árinu 1981 og er því ráðgert að afla 10 000 þús. kr. til þess að tryggja rekstrargrundvöll þess. Til framkvæmda við verksmiðjuna er fyrirhugað að afla 8 000 þús. kr. og verður lánsfénu m. a. varið til breytinga á verksmiðjunni þannig að olíubrennsla víki fyrir kolabrennslu við gjallframleiðslu.

**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.** Áformað er að afla 800 þús. kr. lánsfjár til framkvæmda við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli. Framkvæmdirnar fela í sér breytingar og endurbætur á aðstöðu í eldhúsi fyrir flugþjónustu.

*Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs*

**Landsvirkjun.** Á árinu 1982 er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við Hrauneyjafoss. Stefnt er að gangsetningu annarrar vélar virkjunarinnar snemma árs 1982 og þriðju vélarinnar um áramótin 1982/83. Unnið verður að stíflugerð við ármót Þjórsár og Tungnár en þær framkvæmdir miða að því að auka orkuvinnslugetu Búrfellsvirkjunar. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við svonefnda Kvíslaveitu til að auka miðlunarrými Þórisvatns. Til framkvæmda er áformuð lántaka, alls 404 560 þús. kr. og auk þess nemur eiginfjárframlag ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar 10 440 þús. kr.

**Orkubú Vestfjarða.** Orkubú Vestfjarða stendur fyrir umfangsmiklum raforku- og fjarvarmaveituframkvæmdum. Til ýmissa raforkuverkefna er ráðgerð 20 000 þús. kr. lántaka og til framkvæmda við fjarvarmaveitur er ráðgert að afla 19 500 þús. kr. lánsfjár. Framkvæmdir við fjarvarmaveitur hafa staðið yfir á eftirtöldum stöðum: Ísafirði, Hnífsdal, Bolungarvík og Patreksfirði. Lánsfénu verður í höfuðdráttum varið til áframhaldandi framkvæmda á þessum stöðum. Um sundurliðun framkvæmda vísast til töflu 12 í töfluviðauka.

**Steinullarverksmiðja, sjóefnavinnsla, stálbræðsla.** Vorið 1981 voru samþykkt á Alþingi heimildarlög um þrjú nýiðnaðarverkefni, þ. e. steinullarverksmiðju, sjóefnavinnslu og stálbræðslu. Undirbúningur að framkvæmdum við þessi iðnaðarverkefni er mislangt á veg kominn og ákvarðast framkvæmdahraði m. a. af því hvernig til tekst um söfnun hlutafjár. Ráðgert er að afla heimildar til lántöku, alls 40 000 þús. kr., þó svo að ráðstöfun fjárins liggi ekki endanlega fyrir.

**Iðnrekstrarsjóður og önnur lánsfjárþörf.** Unnið er að athugun og undirbúningi á ýmsum framkvæmdum á sviði orkufreks iðnaðar. Í þessu tilliti er gert ráð fyrir að Iðnrekstrarsjóður afli 10 000 þús. kr. lánsfjár og endurláni síðan til áframhaldandi athugana á þessu sviði. Að síðustu ber að geta 15 000 þús. kr. lánsfjár, þar sem ráðstöfun hefur ekki verið endanlega mótuð.

*Sveitarfélög*

Erlend lánsfjáröflun til hitaveitna nemur alls 115 300 þús. kr. og eru þá framkvæmdir og lánsfjáröflun til Orkubús Vestfjarða frátalin. Auk þess er gert ráð fyrir framlengingu erlendra lána að fjárhæð 250 800 þús. kr. Á síðustu árum hafa stærri hitaveiturnar fjármagnað framkvæmdir í verulegum mæli með lánum til skamms tíma í von um að erlendir lánsfjármarkaðir verði hagstæðari en verið hefur. Sundurliðun framkvæmda við hitaveitur er sýnd í töflu 7 í töfluviðauka.

Þá ber að nefna að ávallt er um að ræða nokkra lánsfjárþörf sveitarfélaga og fyrirtækja á þeirra vegum til annarra þarfa en þegar er getið. Reiknað er með 25 000 þús. kr. í þessu skyni, þar af renna 8 520 þús. kr. til Rafveitu Vestmannaeyja og Vestmannaeyjakaupstaðar

vegna fjárhagsvanda þeirra og er það í samræmi við tillögur úttektarnefndar er um málið fjallaði.

**Fjáröflun**

Áætlað er að afla samtals 1 785 330 þús. kr. lánsfjár til að standa undir framkvæmdum og öðrum þörfum á árinu 1982.[1]) Skipting lánsfjárins er þannig að 319 080 þús. kr. eru vegna A-hluta ríkissjóðs, 816 890 þús. kr. eru vegna B-hluta ríkissjóðs, 509 060 þús. kr. vegna fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og 140 300 þús. kr. vegna sveitarfélaga.

Skipting þessarar fjáröflunar eftir uppruna fjármagns er sýnd á eftirfarandi yfirliti í þús. kr.:

| | Útgefin spariskírteini og innheimt eldri spariskírteini | Bankakerfið | Lífeyrissjóðir | Önnur innlend fjáröflun | Erlent lánsfé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ríkissjóður, A-hluti ... | 257 000 | 16 080 | 46 000 | – | – | 319 080 |
| Ríkissjóður B-hluti .... | – | 80 920 | – | 40 000 | 695 970 | 816 890 |
| Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs ....... | – | – | – | – | 509 060 | 509 060 |
| Sveitarfélög .......... | – | – | – | – | 140 300 | 140 300 |
| | 257 000 | 97 000 | 46 000 | 40 000 | 1 345 330 | 1 785 330 |

Allri lánsfjárþörf A-hlutans er þannig mætt með innlendri fjármögnun og nokkrum hluta af þörf B-hluta aðila einnig. Er innlend lánsfjáröflun til ríkissjóðs fimmþætt. Í fyrsta lagi er stefnt að nýrri útgáfu spariskírteina ríkissjóðs að fjárhæð 150 000 þús. kr., en það er 60 000 þús. kr. aukning frá lánsfjárlögum 1981. Í öðru lagi er innheimta umfram innlausn eldri spariskírteina áætluð 107 000 þús. kr. og er það 17 000 þús. kr. aukning frá fyrra ári. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að innlánsstofnanir ráðstafi innlánsaukningu í ríkari mæli en verið hefur til skuldabréfakaupa ríkissjóðs og er talið að þessi fjármögnunarleið geti numið 97 000 þús. kr. á árinu 1982. Í fjórða lagi hefur ríkissjóður á undanförnum árum tekið að láni hluta af sparnaði lífeyrissjóðanna. Í áætlun fyrir árið 1982 er stefnt að 55 000 þús. kr. lántöku hjá þessum aðilum. Á móti kemur afborgun af eldri bréfum, alls 9 000 þús. kr., þannig að nettó-innstreymi er 46 000 þús. kr. Þá er þess að geta að fyrirhugað er að leggja sérstakt gjald á raforkusölu eftir stofnlínum, alls 40 000 þús. kr. Er það gert til þess að draga úr lántökum vegna fjármagnskostnaðar við þær framkvæmdir. Erlendar lántökur til B-hluta ríkissjóðs eru áætlaðar 695 970 þús. kr., til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs 509 060 kr. og til sveitarfélaga 140 300 þús. kr. Eru því erlendar lántökur opinberra aðila áætlaðar samtals 1 345 330 þús. kr. á árinu 1982 en í lánsfjárlögum 1981 voru slíkar lántökur 1 016 900 þús. kr.

1) Þetta er 50 000 þús. kr. hærri tala en tilgreind er í kaflanum um fjármögnun hér að framan, þar sem Byggðasjóðshlutinn er þar frátalinn.

# VI
## Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir sem greint er frá í þessari lánsfjáráætlun eru alls 16 að tölu en þar af eru 13 sem lánsfjár er aflað til samkvæmt áætluninni. Eru þetta sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar á lánsfjáráætlun fyrri ára.

Fjárfestingarlánasjóðum er í áætluninni skipt í tvo aðalflokka, annars vegar íbúðalánasjóði (Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna) og hins vegar atvinnuvegasjóði. Er þá greint á milli þeirra sjóða er Framkvæmdasjóður lánar til, og fáeinna annarra atvinnuvegasjóða er ekki njóta að jafnaði sérstakrar fjármögnunar frá Framkvæmdasjóði. Ný útlán sjóðanna eru áætluð árið 1982 1 629 m. kr., þar af íbúðalánasjóðir 642 m. kr. eða 39,4% og atvinnuvegasjóðir 987 m. kr. eða 60,6%. Er þetta 61,6% hærri fjárhæð en árið 1981, er nemur það ár 1 008 m. kr. miðað við sömu sjóði. Hækkun íbúðalánasjóðanna milli ára verður 60,5% en hækkun atvinnuvegasjóða 62,3%. Hin mikla hækkun atvinnuvegasjóðanna stafar fyrst og fremst af hækkun Fiskveiðasjóðs, sem vegur mjög þungt, en þar er hækkunin 86%. Íbúðalánasjóðirnir hækkuðu hins vegar langt umfram atvinnuvegasjóðina milli áranna 1980 og 1981, en þá voru sambærilegar tölur 70,6% og 47,4%. Síðar í þessum kafla verður nánar fjallað um hækkun útlána íbúðalánasjóðanna og Fiskveiðasjóðs.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti, a) eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) aðfengnu lánsfé eins og ákveðið er á lánsfjáráætlun. Hluti lánsfjár samkvæmt lánsfjáráætlun í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóða hefur verið allbreytilegur undanfarin ár. Hann nam 48,2% árið 1978, 59,7% 1979, 57,0% 1980, 67,5% 1981 og mun nema 68,7% árið 1982. Önnur fjármögnun sjóðanna er að langmestu leyti opinbert framlagsfé, þar sem eigin fjármögnun skilar litlu til nýrrar ráðstöfunar. Þannig er gert ráð fyrir að eigin fjármögnun sjóðanna 1982 nemi 66 m. kr. en opinbert framlagsfé 443 m. kr.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna afar þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Það hefur verið skoðun stjórnvalda á undanförnum árum, að óhjákvæmilegt væri að efla starfsemi sjóðanna og auka útlánagetu þeirra með útvegun lánsfjár þeim til handa samkvæmt lánsfjáráætlun. Jafnframt hefur nú að undanförnu verið lögð á það rík áhersla af stjórnvöldum, að sjóðirnir styrktu fjárhag sinn og þá jafnframt útlánagetu með raunsærri ávöxtun fjárins. Í þessum efnum hefur þegar náðst verulegur árangur þar eð verðtrygging nær nú til þorra útlána. Eldri óverðtryggð lán vega þó enn þungt og veldur verðbólga mikilli skerðingu þess fjár. Samræming útlánakjara er nú komin í viðunandi horf eins og stefnt hefur verið að á undanförnum árum.

Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Á árinu 1981 munu lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóða nema 296 m. kr. Á árinu 1982 er áætlað að lífeyrissjóðir láni fjárfestingarlánasjóðum og opinberum aðilum 531 m. kr. Þetta jafngildir um 45% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, sem er áætlað um 1 180 m. kr. Skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af fjárfestingarlánasjóðunum 1982 skiptast þannig, að Framkvæmdasjóður fær af því fé 170 m. kr., íbúðalánasjóðirnir 297 m. kr., stofnlánadeild landbúnaðarins 9 m. kr. samkvæmt reglum og ríkissjóður 55 m. kr.

Nýtt skyldusparnaðarfé að frádregnum endurgreiðslum fyrri ára, 25 m. kr., og lántaka hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, 52 m. kr., ganga eins og undanfarin ár til Byggingarsjóðs ríkisins. Með þeirri útvegun lánsfjár sem hér hefur verið nefnd á Byggingarsjóður verkamanna að geta lánað 268 m. kr. á árinu 1982, samanborið við 100 m. kr. árið 1981.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs 4% af innlánsaukningu ársins 1982 eins og á liðnu ári. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa

verið í föstum skorðum undanfarin 15 ár og allt fram til ársins 1978 var hér um að ræða 10% af innlánsaukningu bankanna. Á þennan veg taka bankarnir þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma.

Samkvæmt áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 414 m. kr. á árinu 1982, þar af 402 m. kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Er sú fjárhæð miðuð við að lágmarksútlánageta viðkomandi fjárfestingarlánasjóða sé tryggð. Til þess að ná því marki mun Framkvæmdasjóður þurfa að taka erlend lán er nemi 144 m. kr. Auk þessa, og alveg utan síns reglubundna starfssviðs, mun Framkvæmdasjóður annast útvegun 20 m. kr. láns til Framleiðsluráðs landbúnaðarins með ábyrgð ríkissjóðs.

Þá er ennfremur um að ræða erlent lán Byggðasjóðs, 50 m. kr., og yrði ráðstöfunarfé sjóðsins þá alls 119 m. kr. á árinu 1982.

Eins og áður þarfnast Fiskveiðasjóður lánsfjár langt umfram aðra lánasjóði atvinnuveganna. Valda því hin miklu skipakaup liðinna ára og mikil innlend skipasmíði að undanförnu. Þá ber að geta þess að innlendar skipasmíðar, þar með taldar meiri háttar breytingar, endurbætur og viðgerðir skipa, eru nú fjármagnaðar með erlendum lánum sem tekin eru af viðkomandi gjaldeyrisbanka, jafnháum hinum endanlegu lánum Fiskveiðasjóðs, en sjóðurinn tekur við þeim lánum að verkum loknum og endurlánar með lengdum lánstíma, allt að 18 árum, eins og reglur sjóðsins gera ráð fyrir. Lán þau er Fiskveiðasjóður yfirtekur með þessum hætti eru nú talin til útlána þegar smíði lýkur og yfirtakan fer fram, en áður var til útlána talið hjá Fiskveiðasjóði afborganir sjóðsins af hinum erlendu lánum að frádregnum afborgunum frá lántakendum.

Eigin fjármögnun Fiskveiðasjóðs verður sífellt erfiðari. Samkvæmt áætlun ársins 1981 er hún neikvæð um 74 m. kr. og 1982 neikvæð um 133 m. kr., og þrátt fyrir 88 m. kr. framlög og skatttekjur það ár verður hún því enn neikvæð um 45 m. kr. Með yfirteknum erlendum lánum vegna skipakaupa, skipasmíða, tækja og viðgerða, 278 m. kr., og láni Framkvæmdasjóðs, 165 m. kr., verða útlán Fiskveiðasjóðs 1982 398 m. kr. Getur sjóðurinn þá lánað til vinnslustöðva 74 m. kr., en til þeirra verkefna lánaði sjóðurinn 25 m. kr. árið 1980 og mun væntanlega lána um 65 m. kr. árið 1981. Þegar með eru tekin lán Byggðasjóðs til fiskiðnaðar, en þau verða um 13 m. kr. 1981 og vart lægri 1982, geta lán þessara tveggja sjóða til fiskiðnaðar numið a. m. k. 87 m. kr. á árinu 1982.

Samkvæmt áætluninni mun Iðnlánasjóður geta lánað 148 m. kr. en útlán sjóðsins 1981 munu nema 101 m. kr. og hækkun því 46,5% milli ára. Þegar með eru tekin lán Iðnþróunarsjóðs, um 82 m. kr., og lán og styrkir Iðnrekstrarsjóðs, 15 m. kr., geta lán þessara þriggja sjóða til iðnaðar numið um 245 m. kr. á árinu 1982, en það er um 53% hækkun frá árinu 1981. Þessu til viðbótar koma síðan lán Byggðasjóðs til iðnaðar, en þau munu nema um 10 m. kr. 1981 og trúlega mun hærri fjárhæð á árinu 1982.

Loks er þess að geta að fjárútvegun til Lánasjóðs sveitarfélaga miðast við að sjóðurinn geti lánað um 55 m. kr. til framkvæmda við hitaveitur á ýmsum stöðum á landinu.

Hér fer á eftir samandregið yfirlit yfir útlán og fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna árin 1981—1982 þar sem jafnframt eru sýndar hlutfallslegar breytingar frá næsta ári á undan.

**Fjárfestingarlánasjóðir: Útlán og fjármögnun 1981—1982**

Í m.kr.

| | Lánsfjár-áætlun 1981 | Lánsfjár-áætlun 1982 | Breyting frá fyrra ári % 1981 | 1982 |
|---|---|---|---|---|
| **Útlán** | | | | |
| Fjárfestingarlánasjóðir, alls | 1 008,2 | 1 628,9 | 55,9 | 61,6 |
| Íbúðalánasjóðir | 400,0 | 642,0 | 70,6 | 60,5 |
| Þar af Byggingarsjóður ríkisins | 300,0 | 373,7 | 38,2 | 24,6 |
| Byggingarsjóður verkamanna | 100,0 | 268,3 | 478,0 | 168,3 |
| Atvinnuvegasjóðir | 608,2 | 986,9 | 47,4 | 62,3 |
| Þar af Framkvæmdasjóður | 263,4[1]) | 414,0[1]) | 48,4 | 57,2 |
| Byggðasjóður | 80,0 | 119,4 | 52,7 | 49,3 |
| **Fjármögnun** | | | | |
| Fjárfestingarlánasjóðir, alls | 1 008,2 | 1 628,9 | 55,9 | 61,6 |
| Eigin fjármögnun, nettó | 20,7 | 66,2 | −66,3 | 219,8 |
| Framlög og skatttekjur | 306,8 | 443,5 | 33,5 | 44,6 |
| Lántökur | 680,7 | 1 119,2 | 91,4 | 64,4 |
| Lífeyrissjóðir | 296,4 | 476,0 | 50,2 | 60,6 |
| Bankakerfið | 44,0 | 70,0 | 21,2 | 59,1 |
| Skyldusparnaður | 33,6 | 22,5 | 100,0 | −33,0 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 36,4 | 52,4 | 116,7 | 44,0 |
| Erlend lán | 138,9 | 220,2 | 277,4 | 58,5 |
| Önnur lán | 131,4 | 278,1 | 155,1 | 111,6 |

[1]) Undanskilin eru lán Framkvæmdasjóðs til Framleiðsluráðs landbúnaðarins 1981 17 m.kr., 1982 20 m.kr.

# VII

## Bankakerfið

Í töflu 16 er sýnd áætlun um þróun helstu peningamálastærða á árinu 1982 eins og þær koma fram í reikningum bankakerfisins. Stefnt er að því að verðbólga fari lækkandi og jöfnuður verði á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd. Frumáætlun um peningamál, sem hér liggur fyrir, mótast af þessum markmiðum, en að öllum líkindum verður nauðsynlegt að endurskoða hana um leið og lánsfjárlög fyrir árið 1982 verða afgreidd, og taka þá fullt tillit til áforma um öflun lánsfjár innanlands og utan og tekjuöflunar til opinberrar ráðstöfunar.

Ljóst er að framangreind markmið krefjast aðhalds í peningamálum og sérstakra aðgerða varðandi langtímalán. Efla þarf innlendan lánamarkað svo að hann miðli löngum lánum til brýnna fjárfestingarþarfa opinbera geirans í ríkari mæli en verið hefur. Á undanförnum árum hefur mjög verið treyst á erlenda lánamarkaði varðandi löng lán opinberra aðila, sem er í sjálfu sér eðlilegt þegar halli er á viðskiptum við útlönd vegna mikillar fjárfestingar. Þetta horfir öðruvísi við þegar dregið er úr fjármunamyndun eins og nú er áformað og þannig lagður grunnur að hallalausum viðskiptum við útlönd. Þá þarf að halda erlendum lántökum innan þrengri marka en ella svo að þau leiði ekki af sér eftirspurnarþenslu. Til athugunar er að afla frekari lána á innlendum markaði og draga úr framlengingu lána vegna byggðalína með sérstakri fjáröflun í orkusölukerfi landsmanna til að minnka erlenda lántöku og forðast þenslu af völdum innflutts fjármagns.

Líklegt er að innlán í innlánsstofnunum aukist hraðar en þjóðarframleiðsla á árunum 1981 og 1982, enda stuðlað að því með verðtryggingu innlána og stefnunni í verðlagsmálum.

Meðaltal innlána árið 1980 svaraði til 23,8% af þjóðarframleiðslu þess árs þegar með eru taldir áfallnir vextir innlánanna innan ársins. Nú er áætlað að hlutfallið hækki í 26,5% í ár og 29% árið 1982, sem er svipað og var árin 1973—1974. Á sjöunda áratugnum var hlutfallið um 40%.

Aukin útlánageta innlánsstofnana, sem leiðir af framangreindri aukningu peningalegs sparnaðar, nýtist m. a. til að draga úr erlendum lánum. Stefnt er að því, að viðskiptabankar kaupi verðbréf af Framkvæmdasjóði sem svarar 4% af aukningu innlána og af ríkissjóði vegna opinberra framkvæmda sem svarar 3% innlánaaukningar. Ennfremur er stefnt að því að sparisjóðir verji sem svarar 6% af innlánaaukningu ársins 1982 til verðbréfakaupa vegna opinberra framkvæmda. Áætlað er að þessi lán innlánsstofnana nemi um 160 m. kr. á árinu 1982, þegar frá hafa verið dregnar afborganir eldri lána.

Stefnt er að því að innlánsstofnanir bæti lausafjárstöðu sína nægilega til þess að hún verði ekki neikvæð þegar hún er lægst. Venjulega batnar lausafjárstaða á tímabilinu febrúar-maí, en rýrnar yfir sumarmánuðina. Á síðustu árum hafa margir bankar og sparisjóðir tekið yfirdráttarlán í Seðlabanka á haustmánuðum og hefur þá lausafjárstaða innlánsstofnana í heild verið neikvæð.

Stefnt er að því að ríkissjóður (A-hluti) greiði 120 m. kr. á árinu 1982 af lánum sínum frá Seðlabankanum. Áætlað er að verðbótaþáttur vaxta af lánum nemi um 77 m. kr. og skuldirnar í heild lækki því um 43 m. kr. Ennfremur er reiknað með lækkun skulda B-hlutans við Seðlabanka um 12 m. kr.

## VIII

## Erlend lán og greiðslujöfnuður

Á árinu 1981 er áætlað að notkun erlendra lána til eins árs og lengri tíma muni nema 1 735 m. kr. Er það um 270 m. kr. aukning frá spá lánsfjáráætlunar og stafar aukningin að mestu leyti af meiri skipakaupum en áætlað var, ásamt hækkunaráhrifum gengis- og verðlagsbreytinga umfram forsendur lánsfjáráætlunar. Afborganir af löngum lánum eru áætlaðar 700 m.kr. og verður þá nettóaukning þeirra 1 035 m. kr. á árinu 1981. Svarar það til um 12% af útflutningstekjum en 5,1% af þjóðarframleiðslu. Er þetta svipað hlutfall og árið áður, en mun hærra en 1979 og 1978.

Á árinu 1981 er áætlað að viðskiptajöfnuður verði óhagstæður um 100 m. kr., samanborið við 430 m. kr. halla 1980 reiknað á gengi 1981. Er því um að ræða 330 m. kr. hagstæðari jöfnuð en 1980 og er það eingöngu vegna hagstæðari vöruskiptajafnaðar. Nettóaukning langra lána er eins og áður segir áætluð 1 035 m. kr. á árinu 1981, en að frádregnu fjármagnsútstreymi á öðrum fjármagnsliðum er fjármagnsjöfnuður í heild áætlaður hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 500 m. kr. Þar af ganga 100 m. kr. til þess að jafna halla á viðskiptajöfnuði og 400 m. kr. til þess að bæta gjaldeyrisstöðuna, reiknað á áætluðu meðalviðskiptagengi ársins.

Áætlað er að löng erlend lán muni í árslok 1981 nema 7 285 m. kr. á meðalgengi ársins eða nálægt 36% af vergri þjóðarframleiðslu ársins. Að meðtalinni aukningu á árinu 1982 er áætlað að hlutfallið verði rúmlega 37%.

Greiðslubyrði vegna afborgana og vaxta af löngum erlendum lánum hefur s. l. fimm ár verið sem hlutfall af útflutningstekjum sem hér segir: 1976:13,8%, 1977:13,7%, 1978:13,1, 1979:12,8% og 1980:14,1%. Á árinu 1981 mun hlutfallið hækka nokkuð, einkum vegna óvenjuhárra vaxta erlendis um þessar mundir.

Þörf fyrir erlendar lántökur má annars vegar miða við þarfir fyrir erlendan gjaldeyri út frá greiðslujafnaðarhorfum og hins vegar þörf á að fjármagna nauðsynlegar og arðbærar framkvæmdir sem ekki reynist unnt að fjármagna með innlendum sparnaði.

Endurgreiðslur af löngum lánum eru áætlaðar 980 m. kr. á árinu 1982 en auk þess er gert ráð fyrir endurgreiðslu af gjaldeyrisskuldum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að jafnvirði um 90 m. kr. (Skuldin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er innifalin í gjaldeyrisskuldum Seðlabankans og hefur endurgreiðsla hennar því ekki áhrif á nettógjaldeyrisstöðuna en lækkar hins vegar gjaldeyrisforðann, þ. e. gjaldeyriseignina brúttó). Til þess að halda gjaldeyrisforðanum sem næst óbreyttum er ný lántökuþörf um 1 100 m. kr.

Heildarupphæð innkominna langra erlendra lána er áætluð 2 070 m. kr., en það er áætluð fjárþörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda á árinu 1982 umfram það fé sem áætlað er að aflað verði innanlands. Auk lántöku til þess að mæta þessum þörfum verður aflað heimildar til lengingar lána án þess að slík lán hafi áhrif á heildarstöðu erlendra skulda.

Eins og að framan segir eru afborganir af löngum erlendum lánum áætlaðar 980 m. kr. og hrein aukning skulda því 1 090 m. kr. Það er um 9% af áætluðum útflutningstekjum og 4% af áætlaðri þjóðarframleiðslu, sem er heldur lægra en samsvarandi hlutfall er nú áætlað 1981. Áætlað er að fjármagnsjöfnuður verði hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) og gjaldeyrisstaðan batni að sama skapi, en gert er ráð fyrir fullum jöfnuði á vöru- og þjónustuviðskiptum.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar langtímalántökur (innkomin lán) 1982 og áætlaðar tölur fyrir 1981 til samanburðar. Lán vegna kaupa á fiskiskipum frá útlöndum og nýsmíða innanlands eru hér talin með atvinnufyrirtækjum, enda þótt Fiskveiðasjóður sjái um endurgreiðslu þessara lána.

**Yfirlit um fyrirhugaðar erlendar langtímalántökur 1982**

Í þús. kr.

| | 1981[1] | | 1982[2] | |
|---|---|---|---|---|
| A- og B- hluti fjárlaga | | 297 610 | | 695 970 |
| Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs | | 505 390 | | 509 060 |
| Landsvirkjun | 462 190 | | 404 560 | |
| Orkubú Vestfjarða | 27 200 | | 39 500 | |
| Járnblendifélagið | 14 000 | | – | |
| Steinullarverksmiðja, Sjóefnaverksmiðja, Stálbræðsla | – | | 40 000 | |
| Iðnrekstrarsjóður, orkunýtingarrannsóknir | – | | 10 000 | |
| Annað | 2 000 | | 15 000 | |
| Sveitarfélög | | 213 900 | | 140 300 |
| Hitaveitur | 198 900 | | 115 300[3] | |
| Annað ófyrirséð | 15 000 | | 25 000 | |
| Lánastofnanir | | 138 500 | | 190 200 |
| Framkvæmdasjóður | 100 000 | | 164 000 | |
| Byggðasjóður | 18 500 | | | |
| Iðnþróunarsjóður | 20 000 | | 26 200 | |
| Atvinnutæki | | 579 400 | | 535 000 |
| Járnblendifélagið | 30 000 | | 20 000[4] | |
| Skip | 279 100 | | 175 000 | |
| Fiskiskip | (84 300) | | (90 000) | |
| Önnur skip | (143 800) | | (45 000) | |
| Endurbætur | (51 000) | | (40 000) | |
| Flugvélar | 7 600 | | 10 000 | |
| Innlend skipasmíði (nýsmíði) | 103 100 | | 165 000 | |
| Endurbætur (unnar innanlands) | 19 600 | | 30 000 | |
| Vélar og tæki | 50 000 | | 60 000 | |
| Ýmislegt | 90 000 | | 75 000 | |
| Alls | | 1 734 800 | | 2 070 530 |

1) Opinberir aðilar og lánastofnanir samkvæmt yfirliti Fjárlaga- og hagsýslustofnunar 12/9 1981. Atvinnufyrirtæki samkvæmt endurskoðuðu yfirliti greiðslujafnaðardeildar Seðlabankans 20/8 1981.

2) Á áætluðu meðalgengi 1982.

3) Auk þess er gert ráð fyrir umbreytingu (convertering) lána að fjárhæð 250 800 þús. kr.

4) Rekstrarlán, eftirstöðvar af lánsheimildum.

# IX

## Töfluviðauki


**I Fjárfesting**

Tafla 1 Fjármunamyndun 1980—1982
Tafla 2 Byggingar og mannvirki hins opinbera
Tafla 3 Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga 1980—1982

**II Fjármögnun**

Tafla 4 Lánsfé til fjármunamyndunar 1982
Tafla 5 Lánsfjárþörf opinberra aðila samkvæmt lánsfjárlögum 1981 og lánsfjáráætlun 1982

**III Opinberar framkvæmdir**

Tafla 6 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1982
Tafla 7 Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1982
Tafla 8 Samgönguframkvæmdir 1982
Tafla 9 Opinberar byggingar 1982
Tafla 10 RARIK, almennar framkvæmdir 1982
Tafla 11 Framkvæmdir við byggðalínur 1982
Tafla 12 Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða 1982

**IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir**

Tafla 13 Áætlun um fjáröflun og lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands 1982
Tafla 14 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1982
Tafla 15 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1978—1982

**V Peningamál**

Tafla 16 Peningamálaáætlun 1981 og 1982

**VI Erlend lán og greiðslujöfnuður**

Tafla 17 Greiðslujöfnuður við útlönd 1980—1982
Tafla 18 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum þeirra 1980—1982

## I Fjárfesting

### Tafla 1 Fjármunamyndun 1980—1982
Í m.kr.

| | Verðlag hvers árs | | | Magnbreytingar frá fyrra ári %[1]) | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Bráðab.-tölur 1980 | Spá 1981 | Spá 1982 | Bráðab.-tölur 1980 | Spá 1981 | Spá 1982 |
| **Fjármunamyndun alls** | **3 612,6** | **5 124,4** | **6 405,9** | **8,6** | **-4,0** | **-6,0** |
| Þjórsárvirkjanir, Kröfluvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja | 455,5 | 643,5 | 483,2 | 20,0 | -3,2 | -43,5 |
| Innflutningur skipa og flugvéla | 245,5 | 315,0 | 335,0 | 97,7 | -9,7 | -20,0 |
| Önnur fjármunamyndun | 2 911,6 | 4 165,9 | 5 587,7 | 3,1 | -3,6 | -0,8 |
| **I Atvinnuvegir** | **1 500,7** | **2 000,6** | **2 418,4** | **5,8** | -8,1 | **-9,1** |
| 1. Landbúnaður | 160,0 | 211,7 | 267,5 | -8,5 | -10,0 | -5,0 |
| 2. Fiskveiðar | 221,7 | 350,0 | 430,0 | -10,1 | 9,6 | -7,6 |
| 3. Vinnsla sjávarafurða | 140,0 | 214,6 | 271,2 | -9,4 | 5,0 | -5,0 |
| 4. Álverksmiðja | 80,7 | 130,0 | - | 8,5 | 11,2 | - |
| 5. Járnblendiverksmiðja | 69,8 | 10,0 | 5,0 | -40,7 | -90,1 | -62,0 |
| 6. Annar iðnaður (en 3.-5.) | 242,5 | 365,0 | 534,0 | 1,3 | 3,1 | 10,0 |
| 7. Flutningatæki | 272,0 | 305,0 | 381,0 | 84,4 | -21,0 | -6,1 |
| 8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl. | 161,3 | 230,0 | 296,7 | 4,8 | -5,0 | -3,0 |
| 9. Ýmsar vélar og tæki | 152,7 | 184,3 | 233,0 | 44,2 | -15,0 | -5,0 |
| **II Íbúðarhús** | **745,2** | **1 061,9** | **1 412,3** | **-3,0** | **-5,0** | **0,0** |
| **III Byggingar og mannvirki hins opinbera** | **1 366,7** | **2 061,9** | **2 575,2** | **19,9** | **1,2** | **-6,1** |
| 1. Rafvirkjanir og rafveitur | 504,5 | 757,0 | 922,7 | 38,6 | 1,7 | -8,4 |
| 2. Hita- og vatnsveitur | 248,0 | 360,6 | 340,6 | 15,5 | -3,1 | -29,0 |
| Þar af hitaveitur | (224,0) | (323,6) | (294,6) | 17,0 | -3,7 | -31,5 |
| 3. Samgöngumannvirki | 400,2 | 592,3 | 811,7 | 11,4 | -1,3 | 3,0 |
| 4. Byggingar hins opinbera | 214,0 | 352,0 | 500,2 | 6,1 | 9,7 | 6,8 |

Aths.: Magnbreytingar 1980 og 1981 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980 en magnbreytingar 1982 eru miðaðar við áætlað verðlag ársins 1981.

## Tafla 2 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1980—1982
Í m.kr.

| | Verðlag hvers árs | | | Verðlag ársins 1980 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Bráðab.-tölur 1980 | Spá 1981 | Spá 1982 | Bráðab.-tölur 1980 | Spá 1981 | Spá 1982 |
| Hreinar ríkisframkvæmdir | 724,6 | 1 097,7 | 1 400,9 | 724,6 | 740,4 | 707,9 |
| Rafvirkjanir og rafveitur | 451,0 | 688.5 | 826,2 | 451,0 | 467,6 | 419,9 |
| Þar af: Þjórsárvirkjanir | (283,8) | (469,8) | (415,0) | (283,8) | (321,8) | (213,7) |
| Kröfluvirkjun | (21,2) | (33,6) | (63,2) | (21,2) | (22,4) | (31,7) |
| Vegir og brýr | 144,6 | 213,1 | 289,3 | 144,6 | 142,1 | 145,0 |
| Hafnir og vitar | 9,7 | 4,1 | 5,0 | 9,7 | 2,7 | 2,5 |
| Flugvellir | 14,7 | 22,9 | 31,9 | 14,7 | 15,3 | 16,0 |
| Póstur, sími, útvarp og sjónvarp | 60,8 | 84,9 | 130,1 | 60,8 | 56,6 | 65,2 |
| Skólar | 25,3 | 49,5 | 75,5 | 25,3 | 33,0 | 37,8 |
| Sjúkrahús | 10,5 | 23,7 | 29,9 | 10,5 | 15,8 | 15,0 |
| Ýmsar byggingar hins opinbera | 8,0 | 11,0 | 13,0 | 8,0 | 7,3 | 6,5 |
| Sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga | 176,8 | 270,1 | 360,5 | 176,8 | 180,1 | 180,7 |
| Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga | 441,8 | 657,1 | 765,6 | 441,8 | 438,1 | 383,8 |
| Framkvæmdir á vegum samtaka | 23,5 | 37,0 | 48,2 | 23,5 | 24,7 | 24,2 |
| Byggingar og mannvirki hins opinbera, alls | 1 366,7 | 2 061,9 | 2 575,2 | 1 366,7 | 1 383,3 | 1 296,6 |



## Tafla 3 Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga 1980—1982
Í m.kr.

| | Verðlag hvers árs | | | Verðlag ársins 1980 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Bráðab.-tölur 1980 | Spá 1981 | Spá 1982 | Bráðab.-tölur 1980 | Spá 1981 | Spá 1982 |
| Rafvirkjanir og rafveitur | 53,5 | 68,5 | 96,5 | 53,5 | 45,7 | 48,4 |
| Hita- og vatnsveitur | 248,0 | 360,6 | 340,6 | 248,0 | 240,4 | 170,7 |
| Gatna- og holræsagerð | 125,0 | 200,0 | 266,0 | 125,0 | 133,3 | 133,3 |
| Hafnarframkvæmdir | 45,4 | 67,3 | 89,4 | 45,4 | 44,9 | 44,8 |
| Skólar og íþróttamannvirki | 80,7 | 122,5 | 178,3 | 80,7 | 81,7 | 89,4 |
| Sjúkrahús | 46,0 | 76,3 | 106,3 | 46,0 | 50,9 | 53,3 |
| Ýmsar byggingar hins opinbera | 20,0 | 32,0 | 49,0 | 20,0 | 21,3 | 24,6 |
| Samtals | 618,6 | 927,2 | 1 126,1 | 618,6 | 618,2 | 564,5 |
| Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga | 441,8 | 657,1 | 765,6 | 441,8 | 438,1 | 383,8 |
| Sameiginlegar framkv. ríkis og sveitarfélaga | 176,8 | 270,1 | 360,5 | 176,8 | 180,1 | 180,7 |
| Heildarframkvæmdir | 618,6 | 927,2 | 1 126,1 | 618,6 | 618,2 | 564,5 |

## Tafla 4 Lánsfé til fjármunamyndunar 1982

Í m. kr.

| Uppruni / Ráðstöfun | Fjárfestingarlánasjóðir: Íbúðasjóðir | Framkvæmdasjóður | Byggðasjóður | Atvinnuvegasjóðir | Fjárfestingarlánasjóðir, alls | Fjárfestingarlánþegar: Ríkissjóður | Fyrirtæki m. eignaraðild ríkisins | Sveitarfélög | Opinberir aðilar alls | Íbúðaeigendur | Atvinnuvegir | Alls | Ráðstöfun = uppruni, alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Frumuppruni:** | | | | | | | | | | | | | |
| **Innlent fé** | **642,0** | **270,0** | **69,4** | **149,2** | **1 130,6** | **440,0** | – | – | **440,0** | **519,0** | **10,0** | **969,0** | **2 099,6** |
| Ný útgáfa spariskírteina | – | – | – | – | – | 150,0 | – | – | 150,0 | – | – | 150,0 | 150,0 |
| Innheimta umfram innlausn | – | – | – | – | – | 107,0 | – | – | 107,0 | – | – | 107,0 | 107,0 |
| Bankakerfi | – | 70,0 | – | – | 70,0 | 88,0 | – | – | 88,0 | – | – | 88,0 | 158,0 |
| Lífeyrissjóðir | 297,0 | 170,0 | – | 9,0 | 476,0 | 55,0 | – | – | 55,0 | 519,0[1]) | 10,0 | 584,0 | 1 060,0 |
| Sérstök fjáröflun vegna byggðalína | – | – | – | – | – | 40,0 | – | – | 40,0 | – | – | 40,0 | 40,0 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 52,4 | – | – | – | 52,4 | – | – | – | – | – | – | – | 52,4 |
| Skyldusparnaður, nettó | 25,0 | – | – | –2,5 | 22,5 | – | – | – | – | – | – | – | 22,5 |
| Opinber framlög til fjárfestingarlánasjóða | 191,3 | – | 50,0 | 202,2 | 443,5 | – | – | – | – | – | – | – | 443,5 |
| Eigið fé fjárfestingarlánasjóða | 76,3 | 30,0 | 19,4 | –59,5 | 66,2 | – | – | – | – | – | – | – | 66,2 |
| **Erlend lán** | – | **144,0** | – | **304,3** | **448,3** | **696,0** | **509,1** | **140,3** | **1 345,4** | – | **256,8** | **1 602,2** | **2 050,5** |
| Fært á milli | – | – | 50,0 | – | 50,0 | –50,0 | – | – | –50,0 | – | – | –50,0 | – |
| Samtals | 642,0 | 414,0 | 119,4 | 453,5 | 1 628,9 | 1 086,0 | 509,1 | 140,3 | 1 735,4 | 519,0 | 266,8 | 2 521,2 | 4 150,1 |
| **Miðlun:** | | | | | | | | | | | | | |
| Íbúðalánasjóðir | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 642,0[2]) | – | 642,0 | 642,0 |
| Framkvæmdasjóður | – | –392,0 | – | 392,0 | – | – | – | – | – | – | 22,0 | 22,0 | 22,0 |
| Byggðasjóður | – | – | – | – | – | – | – | 20,0 | 20,0 | – | 99,4 | 119,4 | 119,4 |
| Atvinnuvegasjóðir | – | – | – | – | – | – | – | 81,7 | 81,7 | – | 763,8 | 845,5 | 845,5 |
| Samtals | – | –392,0 | – | 392,0 | – | – | – | 101,7 | 101,7 | 642,0 | 885,2 | 1 628,9 | 1 628,9 |
| Uppruni = ráðstöfun, alls | 642,0 | 22,0 | 119,4 | 845,5 | 1 628,9 | 1 086,0 | 509,1 | 242,0 | 1 837,1 | 1 161,0 | 1 152,0 | 4 150,1 | 5 779,0 |

1) Áætlun um hvernig þessi lán skiptast á íbúðabyggingar, eldri íbúðir og annað liggur ekki fyrir.
2) Þar af er áætlað, að um 162 m. kr. gangi til kaupa á eldri íbúðum.

Tafla 5 **Lánsfjárþörf opinberra aðila samkvæmt lánsfjárlögum 1981 og lánsfjáráætlun 1982**
Í þús. kr.

| | Lánsfjárlög 1981 | Lánsfjáráætlun 1982 |
|---|---|---|
| 1. Ríkissjóður | 635 710 | 1 135 970 |
| 1.1 A-hluti | 244 190 | 319 080 |
| Þjóðarbókhlaða | 4 000 | 7 500 |
| Vegagerð | 100 050 | 200 000 |
| bundið slitlag | 10 000 | – |
| sérstök verkefni | 12 000 | – |
| jaðarbyggðir | 8 000 | – |
| Landshafnir | 2 000 | 2 000 |
| Hlutafjár- og eiginfjárframlög | 3 820 | 40 480 |
| Aðstoð við Flugleiðir hf. | – | 33 100 |
| RARIK, félagslegar framkvæmdir | 15 000 | – |
| Styrking dreifikerfis í sveitum | – | 21 000 |
| Hafnargerð vegna skipaiðnaðar | 11 770 | 15 000 |
| Flugmálastjórn | 4 000 | – |
| Krafla, vaxtaútgjöld | 36 450 | – |
| Landspítalinn | 7 000 | – |
| Tryggingastofnun ríkisins | 30 000 | – |
| 1.2 B-hluti | 391 520 | 816 890 |
| Byggðasjóður | 31 500 | 50 000 |
| Landakaup kaupstaða og kauptúna | 3 000 | 4 000 |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 33 000 | 50 000 |
| Ríkisútvarp | 4 000 | – |
| Lagmetisiðjan Siglósíld | 1 000 | 1 500 |
| Skipaútgerð ríkisins | 24 000 | 40 000 |
| RARIK, almennar framkvæmdir | 83 080 | 118 660 |
| vararaforka fyrir landskerfið | – | 10 000 |
| Byggðalínur | 52 100 | 100 493 |
| Kröfluvirkjun: | | |
| Framkvæmdir | 33 640 | 63 175 |
| Fjármagnsútgjöld | – | 71 537 |
| Jarðvarmaveitur ríkisins | 8 000 | – |
| Virkjunarrannsóknir: | | |
| Framkvæmdir | 8 000 | 22 000 |
| Fjármagnsútgjöld | – | 11 385 |
| Grænfóðurverksmiðjur | 2 700 | 4 000 |
| Orkusjóður | | |
| Byggðalínur, fjármagnsútgjöld | 38 400 | 104 100 |
| Hitaveitulán | 7 500 | 7 500 |
| Jarðhitaleit | 11 000 | 7 000 |
| Flutningur línu í Önundarfirði | – | 1 840 |
| Sveitarafvæðing | – | 4 500 |
| Sementsverksmiðjan | – | 18 000 |
| Landssmiðjan | 3 000 | 7 000 |
| Áburðarverksmiðjan | 35 000 | 17 000 |
| Póstur og sími: | | |
| Vörukaupalán | 4 600 | 6 000 |
| Lagning sjálfvirks síma | 8 000 | 31 000 |

| | Lánsfjárlög 1981 | Lánsfjáráætlun 1982 |
|---|---|---|
| Næstu stórvirkjanir | – | 60 000 |
| Fljótsdalsvirkjun: | | |
| Fjármagnsútgjöld | – | 5 400 |
| Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli | – | 800 |
| 2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs | 505 390 | 509 060 |
| Landsvirkjun | 462 190 | 404 560 |
| Orkubú Vestfjarða, raforkuframkvæmdir | 15 000 | 20 000 |
| hitaveituframkvæmdir | 12 200 | 19 500 |
| Járnblendifélag | 14 000 | – |
| Steinullarverksmiðja, sjóefnavinnsla, stálbræðsla | – | 40 000 |
| Iðnrekstrarsjóður, orkunýtingarrannsóknir | – | 10 000 |
| Annað | 2 000 | 15 000 |
| 3. Sveitarfélög | 213 900 | 140 300 |
| Hitaveitur | 198 900 | 115 300[1] |
| Önnur lánsfjáröflun | 15 000 | 25 000 |
| 4. Ráðstöfun (1+2+3) = fjáröflun (5+6) | 1 355 000 | 1 785 330 |
| 5. Innlend lán | 338 100 | 440 000 |
| Spariskírteini | 90 000 | 150 000 |
| Innheimt endurlán (nettó) | 90 000 | 107 000 |
| Verðbréfakaup bankakerfis (nettó) | 68 000 | 97 000 |
| Verðbréfakaup lífeyrissjóða (nettó) | 40 000 | 46 000 |
| Önnur innlend fjáröflun | 50 100 | 40 000 |
| 6. Erlend lán | 1 016 900 | 1 345 330[1] |

[1]) Auk þess er gert ráð fyrir umbreytingu (convertering) lána að fjárhæð 250 800 þús. kr.

## Tafla 6 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1982

Í þús.kr.

| | Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1982 | Fjármögnun | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárveiting | Úr rekstri eða sjóðum | Lánsfjár-áætlun 1982 |
| 1. Landsvirkjun | 415 000 | – | 10 440[1] | 404 560 |
| 2. Kröfluvirkjun | 63 175 | – | – | 63 175 |
| 3. Byggðalínur | 100 493 | – | – | 100 493 |
| 4. Almennar framkvæmdir RARIK | 124 660 | – | 6 000 | 118 660 |
| 5. Dreifikerfi í sveitum | 21 000 | – | – | 21 000 |
| 6. Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar | 8 000 | 3 500 | – | 4 500 |
| 7. Línulögn, Önundarfjörður | 1 840 | – | – | 1 840 |
| 8. Virkjunarrannsóknir, framkvæmdir | 22 000 | – | – | 22 000 |
| 9. Varaafl fyrir landskerfið | 10 000 | – | – | 10 000 |
| 10. Næstu stórvirkjanir | 60 000 | – | – | 60 000 |
| 11. Orkubú Vestfjarða | 21 500 | – | 1 500 | 20 000 |
| 12. Spá um framkvæmdir sveitarfélaga | 75 000 | – | 75 000 | – |
| Samtals fjárfesting 1.—12. | 922 668 | 3 500 | 92 940 | 826 228 |
| 13. Byggðalínur, fjármagnsútgjöld | 104 100 | – | – | 104 100 |
| 14. Krafla, fjármagnsútgjöld | 71 537 | – | – | 71 537 |
| 15. Fljótsdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld | 5 400 | – | – | 5 400 |
| 16. Virkjunarrannsóknir, fjármagnsútgjöld | 11 385 | – | – | 11 385 |
| Samtals fjármagnskostnaður 13.—16. | 192 422 | – | – | 192 422 |
| Fjárþörf alls 1.—16. | 1 115 090 | 3 500 | 92 940 | 1 018 650 |

[1]) Eiginfjárframlag ríkissjóðs 5 220 þús. kr., eiginfjárframlag Reykjavíkurborgar 5 220 þús. kr.

## Tafla 7 Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1982

Í þús.kr.

| | | Áætlun 1982 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Framkvæmdir 1982 | Til framlengingar lána 1982 | Úr rekstri 1982 | Lánasjóður sveitarfélaga | Orkusjóður | Lánsfé erlent |
| **I Stærri hitaveitur** | **199 800** | **250 800** | **92 100** | - | - | **358 500** |
| Hitaveita Reykjavíkur | 92 100 | - | 92 100 | - | - | - |
| Hitaveita Suðurnesja | 14 100 | 43 000 | - | - | - | 57 100 |
| Hitaveita Akureyrar | 75 300 | 199 900 | - | - | - | 275 200 |
| Hitaveita Borgarfjarðar | 18 300 | 7 900 | - | - | - | 26 200 |
| **II Smærri hitaveitur** | **57 500** | **11 700** | **11 900** | **46 000** | **3 700** | **7 600** |
| Hitaveita Vestmannaeyja | 3 200 | 11 700 | - | 14 900 | - | - |
| Hitaveita Húsavíkur | 3 300 | - | 3 300 | - | - | - |
| Hitaveita Egilsstaða | 3 700 | - | 700 | - | 3 000 | - |
| Hitaveita Eyra | 10 600 | - | 3 000 | - | - | 7 600 |
| Hitaveita Reykjahlíðar | 3 400 | - | 3 400 | - | - | - |
| Hitaveita Siglufjarðar, Hitaveita Suðureyrar, Hitaveita Blönduóss | 2 000 | - | - | 2 000 | - | - |
| Hitaveita Hríseyjar | 700 | - | - | 700 | - | - |
| Hitaveita Rangæinga | 15 000 | - | - | 15 000 | - | - |
| Hitaveita Kjalarness | 2 850 | - | 850 | 2 000 | - | - |
| Aðrar hitaveitur | 10 750 | - | 650 | 11 400 | 700 | - |
| **Samtals** | **57 500** | **11 700** | **11 900** | **46 000** | **3 700** | **7 600** |
| **III Fjarvarmaveitur** | **27 300** | - | **4 000** | - | **3 800** | **19 500** |
| Fjarvarmaveita Seyðisfirði | 3 800 | - | - | - | 3 800 | - |
| Orkubú Vestfjarða | 23 500 | - | 4 000 | - | - | 19 500 |
| **IV Til annarra verkefna** | **10 000** | - | **3 000** | - | - | **7 000** |
| Jarðhitaleit | 10 000 | - | 3 000[1]) | - | - | 7 000 |
| **V Vatnsveitur** | **46 000** | - | **46 000** | - | - | - |
| Vatnsveita Reykjavíkur | 20 000 | - | 20 000 | - | - | - |
| Aðrar vatnsveitur | 26 000 | - | 26 000[2]) | - | — | |
| **Samtals I—V** | **340 600** | **262 500** | **157 000** | **46 000** | **7 500** | **392 600** |

[1]) Fjárveiting á A-hluta 3 000 þús. kr.
[2]) Þar af fjárveiting á fjárlögum 3 200 þús. kr.

## Tafla 8 Samgönguframkvæmdir 1982
Í þús.kr.

| | Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1982 | Fjármögnun: Fjárveiting | Fjármögnun: Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum | Fjármögnun: Lánsfjár-áætlun 1982 |
|---|---|---|---|---|
| 1. Vegir og brýr | 289 320 | 89 320 | – | 200 000 |
| 2. Götur og holræsi | 266 000 | 53 280 | 212 720 | – |
| 3. Hafnir og vitar | 94 440 | 43 820 | 33 620 | 17 000[1]) |
| 4. Flugvellir | 31 880 | 31 080 | – | 800[4]) |
| 5. Póstur og sími, útvarp | 130 100[2]) | – | 93 100 | 37 000[3]) |
| Samtals fjárfesting og fjárþörf | 811 740 | 217 500 | 339 440 | 254 800 |

[1]) Landshafnir 2 000. Hafnaraðstaða skipasmíðastöðva 15 000.
[2]) Útvarp/sjónvarp 41 100 og Póstur og sími 89 000.
[3]) Póstur og sími: Vörukaupalán 6 000 og lagning sjálfvirks síma 31 000.
[4]) Flugstöð á Keflavíkurflugvelli 800.



## Tafla 9 Opinberar byggingar 1982
Í þús.kr.

| | Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1982 | Fjármögnun: Fjárveiting | Fjármögnun: Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum | Fjármögnun: Lánsfjár-áætlun 1982 |
|---|---|---|---|---|
| 1. Skólar og íþróttamannvirki | 253 800 | 148 000 | 98 300 | 7 500 |
| 2. Sjúkrahús | 161 800 | 123 550 | 38 250 | – |
| 3. Félagsheimili og kirkjur | 22 600 | 5 780 | 16 820 | – |
| 4. Aðrar opinberar byggingar | 62 000 | 25 700 | 36 300 | – |
| Samtals fjárfesting og fjárþörf | 500 200 | 303 030 | 189 670 | 7 500 |

## Tafla 10 RARIK, almennar framkvæmdir 1982
Í þús.kr.

| | | |
|---|---|---|
| **Virkjanir** | | 1 500 |
| Lagarfoss | 1 500 | |
| **Stofnlínur** | | 31 120 |
| Búrfell — Flúðir | 600 | |
| Ljósafoss — Hveragerði | 8 100 | |
| Hveragerði — Þorlákshöfn | 500 | |
| Ólafsvík — Rif — Hellissandur | 1 450 | |
| Sauðárkrókur — Hofsós | 1 000 | |
| Akureyri — Dalvík | 6 430 | |
| Laxá — Lindarbrekka | 10 860 | |
| Hólar — dreifilína | 730 | |
| Athuganir, endurbætur o. fl. | 1 450 | |
| **Aðveitustöðvar** | | 40 540 |
| Hella | 6 530 | |
| Flúðir | 301 | |
| Hveragerði | 9 520 | |
| Vatnshamar | 4 838 | |
| Ólafsvík | 1 240 | |
| Hvammstangi | 245 | |
| Laxárvatn | 559 | |
| Sauðárkrókur | 4 318 | |
| Hofsós | 245 | |
| Grenivík | 232 | |
| Laxárvirkjun | 1 485 | |
| Lindarbrekka | 222 | |
| Raufarhöfn | 84 | |
| Brúarland | 2 978 | |
| Eskifjörður | 349 | |
| Stuðlar | 131 | |
| Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík | 1 581 | |
| Varaspennir | 3 961 | |
| Verk færð 1982 | 1 721 | |
| **Geymsluhús o. fl.** | | 2 000 |
| **Innanbæjarkerfi** | | 44 000 |
| **Vélar og tæki** | | 4 000 |
| **Dísilstöðvar** | | 1 500 |
| Almennar framkvæmdir samtals | | 124 660 |
| **Fjáröflun** | | 124 660 |
| Heimtaugargjöld | 6 000 | |
| Lántökur samkvæmt lánsfjáráætlun | 118 660 | |

**Tafla 11 Framkvæmdir við byggðalínur 1982**
Í þús.kr.

| | | |
|---|---|---|
| **Línulagnir** | | 61 750 |
| Vesturlína | 500 | |
| Suðurlína | 60 000 | |
| Suðausturlína | 750 | |
| Tilraunaframkvæmdir o. fl. | 500 | |
| **Aðveitustöðvar** | | 35 222 |
| Vatnshamrar | 4 997 | |
| Akureyri, þéttar | 4 853 | |
| Akureyri, spennar | 11 440 | |
| Geirdalur | 13 932 | |
| **Háspennusími o. fl.** | | 3 521 |
| Framkvæmdir alls | | 100 493 |

III Opinberar framkvæmdir

**Tafla 12 Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða 1982**
Í þús. kr.

| | | |
|---|---|---|
| **Framkvæmdir** | | 45 000 |
| **A Raforkuöflun** | | 21 500 |
| Innanbæjarkerfi | 6 850 | |
| Línubyggingar | 6 670 | |
| Húsbyggingar | 2 220 | |
| Aðveitustöðvar | 3 710 | |
| Bílar og verkfæri | 590 | |
| Dísilrafstöðvar | 1 460 | |
| **B Hitaveituþáttur** | | 23 500 |
| Hitaveita Ísafirði | 7 660 | |
| ,, Hnífsdal | 9 750 | |
| ,, Bolungarvík | 1 740 | |
| ,, Patreksfirði | 4 350 | |
| **Fjáröflun** | | 45 000 |
| Heimtaugargjöld | 1 500 | |
| Heimæðargjöld | 4 000 | |
| Lántökur til raforkuframkvæmda | 20 000 | |
| Lántökur til hitaveituframkvæmda | 19 500 | |

## IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

### Tafla 13 Áætlun um fjáröflun og lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands árið 1982

Í m. kr.

| | |
|---|---|
| **Fjáröflun:** | |
| Eigið ráðstöfunarfé F. Í. | 30 |
| Lán frá innlendum bönkum | 70 |
| Lán frá lífeyrissjóðum | 170 |
| Erlend lán | 164 |
| Samtals | 434 |
| **Lánveitingar:** | |
| Stofnlánadeild landbúnaðarins | 54 |
| Fiskveiðasjóður | 165 |
| Iðnlánasjóður | 85 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | 55 |
| Ferðamálasjóður | 12 |
| Verslunarlánasjóður | 9 |
| Stofnlánadeild samvinnufélaga | 9 |
| Landflutningasjóður | 3 |
| Útflutningslánasjóður | 5 |
| Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum | 10 |
| Bein útlán Framkvæmdasjóðs | 7 |
| Framleiðsluráð landbúnaðarins | 20 |
| Samtals | 434 |

## Tafla 14 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1982

Í m.kr.

| | Eigin fjármögnun | | | Lántökur | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rekstur og fjárm.-hreyfingar nettó | Sjóðs- og innstæðu-breytingar | Framlög og skatt-tekjur | Fram-kvæmda-sjóður | Líf-eyris-sjóðir | Banka-kerfið | Skyldu-sparnaður nettó | Atvinnul.-trygginga-sjóður | Erlend lán | Önnur lán | Samtals | Útlán og styrkir |
| | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) | (12) |
| 1 **Fjárfestingarlánasjóðir, alls** | **63,8** | **2,4** | **443,5** | – | **476,0** | **70,0** | **22,5** | **52,4** | **220,2** | **278,1** | **1 119,2** | **1 628,9** |
| 2 **Íbúðalánasjóðir** | **76,3** | – | **191,3** | – | **297,0** | – | **25,0** | **52,4** | – | – | **374,4** | **642,0** |
| 21 Byggingarsj. ríkisins og Veðd. L. Í. | 52,1 | – | 57,2 | – | 187,0 | – | 25,0 | 52,4 | – | – | 264,4 | 373,7 |
| 22 Byggingarsjóður verkamanna | 24,2 | – | 134,1 | – | 110,0 | – | – | – | – | – | 110,0 | 268,3 |
| 3 **Atvinnuvegasjóðir** | **-12,5** | **2,4** | **252,2** | – | **179,0** | **70,0** | **-2,5** | – | **220,2** | **278,1** | **744,8** | **986,9** |
| 31 Framkv.-sjóðskerfið og Byggðasjóður | -71,2 | – | 231,9 | (414,0) | 179,0 | 70,0 | -2,5 | – | 194,0 | 278,1 | 718,6 | 879,3 |
| 3101 Stofnlánadeild landbúnaðarins | -43,6 | – | 55,9 | 54,0 | 9,0 | – | -2,5 | – | – | – | 60,5 | 72,8 |
| 3102 Fiskveiðasjóður | -133,3 | – | 88,3 | 165,0 | – | – | – | – | – | 278,1¹) | 443,1 | 398,1 |
| 3103 Iðnlánasjóður | 43,0 | – | 20,0 | 85,0 | – | – | – | – | – | – | 85,0 | 148,0 |
| 3104 Verslunarlánasjóður | 0,2 | – | – | 9,0 | – | – | – | – | – | – | 9,0 | 9,2 |
| 3105 Stofnlánadeild samvinnufélaga | 1,0 | – | – | 9,0 | – | – | – | – | – | – | 9,0 | 10,0 |
| 3106 Ferðamálasjóður | 2,6 | – | 0,3 | 12,0 | – | – | – | – | – | – | 12,0 | 14,9 |
| 3107 Lánasjóður sveitarfélaga | 9,3 | – | 17,4 | 55,0 | – | – | – | – | – | – | 55,0 | 81,7 |
| 3108 Landflutningasjóður | 0,2 | – | – | 3,0 | – | – | – | – | – | – | 3,0 | 3,2 |
| 3109 Byggðasjóður | 19,4 | – | 50,0 | – | – | – | – | – | 50,0 | – | 50,0 | 119,4 |
| 3110 Framkvæmdasjóður, bein lán | – | – | – | 22,0 | – | – | – | – | – | – | 22,0 | 22,0²) |
| „ lán alls | 30,0 | – | – | – | 170,0 | 70,0 | – | – | 144,0 | – | 384,0 | (414,0)³ |
| 32 Aðrir sjóðir | 58,7 | 2,4 | 20,3 | – | – | – | – | – | 26,2 | – | 26,2 | 107,6 |
| 321 Iðnþróunarsjóður | 55,0 | 0,5 | – | – | – | – | – | – | 26,2 | – | 26,2 | 81,7 |
| 322 Framleiðnisjóður landbúnaðarins | – | – | 10,3 | – | – | – | – | – | – | – | – | 10,3 |
| 323 Veðdeild Iðnaðarbankans | 0,6 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 0,6 |
| 324 Iðnrekstrarsjóður | 3,1 | 1,9 | 10,0 | – | – | – | – | – | – | – | – | 15,0⁴) |

¹) Erlend lán vegna erlendrar og innlendrar skipasmíði, sem Fiskveiðasjóður mun yfirtaka.
²) Þar af 5 m.kr. til Útflutningslánasjóðs og 10 m.kr. vegna lána til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum.
³) Auk þessa, en utan síns reglubundna starfssviðs, mun Framkvæmdasjóður væntanlega annast um 20,0 m.kr. lán til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
⁴) Lán Iðnrekstrarsjóðs til orkunýtingarrannsókna 10 m.kr. ekki meðtalin.

## Tafla 15 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1978—1982

Í m.kr.

| | 1978 | Bráðabirgðatölur 1979 | Áætlun 1980 | Endursk. lánsfjáráætlun 1981 | Spá 1982 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Uppruni fjár:** | | | | | |
| 1 Eigið framlag, nettó | 91 | 154 | 283 | 438 | 625 |
| 11 Innkomnar afborganir | 25 | 31 | 70 | 110 | 160 |
| 12 Innkomnir vextir | 76 | 134 | 230 | 350 | 500 |
| 13 Útborgaður kostn. o. fl., nettó | −10 | −11 | −17 | −22 | −35 |
| 2 Framlög, nettó | 126 | 185 | 273 | 412 | 555 |
| 21 Innkomin iðgjöld | 188 | 288 | 440 | 660 | 900 |
| 22 Útborgaðar lífeyrisgreiðslur | −61 | −102 | −165 | −245 | −340 |
| 23 Endurgreidd iðgjöld | −1 | −1 | −2 | −3 | −5 |
| 3 Uppruni (1+2) = Ráðstöfun (4+5) | 217 | 339 | 556 | 850 | 1 180 |
| **Ráðstöfun fjár:** | | | | | |
| 4 Útlán og skuldabréfakaup | 179 | 277 | 489 | 760 | 1 060 |
| 41 Fjárfestingarlánasjóðir | 63 | 124 | 197 | 300 | 476 |
| 42 Opinberir aðilar (aðrir) | 1 | 3 | 14 | 40 | 55 |
| 43 Önnur lán (sjóðfélagar o. fl.) | 115 | 150 | 278 | 420 | 529 |
| 5 Innstæðu- og sjóðsbreytingar | 38 | 62 | 67 | 90 | 120 |

[1]) Forsendur spár fyrir 1982: Hækkun verðlags 1981—82 um 35%. Magnbreyting framleiðslu og tekna 0% og svipuð greiðslugeta fyrirtækja og lánþega og undanfarin ár.

## Tafla 16 Peningamálaáætlun 1981 og 1982

| | Staða 31/12/80 m. kr. | Hreyfingar í m. kr. 1980 | Endurskoðuð áætlun 1981 | Frum-áætlun 1982 |
|---|---|---|---|---|
| **Seðlabankinn** | | | | |
| 1 Erlendar eignir til skamms tíma, nettó | 904 | 504 | 750 | 450 |
| (þar af gengisuppfærsla) | | (237) | (350) | (...) |
| 2 Innlendir liðir, nettó | 617 | 151 | 51 | 520 |
| 21 Kröfur á ríkissj. og ríkisst. nettó | 315 | 32 | −33 | −55 |
| 22 Kröfur á fjárfestingarlánasjóði | 19 | 2 | −10 | −5 |
| 23 Kröfur á innlánsstofnanir | 1104 | 423 | 445 | 400 |
| 24 Kröfur á aðra aðila | 10 | 9 | 9 | 60 |
| 25 Eigið fé og annað nettó | −831 | −315 | −360 | 120 |
| 3 Grunnfé | 1521 | 655 | 801 | 970 |
| 31 Innlánsstofnanir | 1301 | 592 | 621 | 820 |
| 32 Seðlar og mynt í umferð | 220 | 62 | 180 | 150 |
| **Innlánsstofnanir:** | | | | |
| 1 Lausafjárstaða gagnvart Seðlabanka | 241 | 153 | −199 | 220 |
| 2 Lausafjárstaða gagnvart útlöndum | 78 | 31 | – | – |
| 3 Bundnar innstæður vegna bindiskyldu | 941 | 408 | 820 | 600 |
| 4 Útlán | 3594 | 1364 | 2224 | 1780 |
| 41 Löng lán til opinberra framkv. og sjóða | 135 | 52 | 120 | 160 |
| 42 Endurseld lán | 992 | 405 | 400 | 420 |
| 43 Önnur lán | 2467 | 907 | 1704 | 1200 |
| 5 Heildarinnstæður | 3919 | 1574 | 2400 | 2200 |
| 6 Endurkaup Seðlabanka | 992 | 405 | 400 | 420 |
| 7 Verðbréfakaup Seðlabanka | 54 | 18 | 45 | −20 |
| 8 Eigið fé og annað nettó | −111 | −41 | – | – |
| **Bankakerfið** | | | | |
| 1 Erlendar eignir til skamms tíma, nettó | 982 | 535 | 750 | 450 |
| (þar af gengisuppfærsla) | | (237) | (350) | (...) |
| 2 Innlendir liðir, nettó | 3157 | 1101 | 1830 | 1900 |
| 21 Lán bankakerfisins | 3937 | 1407 | 2190 | 1780 |
| 211 Seðlabanki | 343 | 43 | −34 | – |
| 212 Innlánsstofnanir | 3594 | 1364 | 2224 | 1780 |
| 22 Ýmsir sjóðir (–) | −312 | – | −10 | – |
| 23 Eigið fé og annað nettó | −468 | −306 | −350 | 120 |
| 3 Peningamagn og sparifé (M3) | 4139 | 1636 | 2580 | 2350 |
| 31 Sparifé á uppsagnarreikningum | 1363 | 537 | 750 | 880 |
| 32 Peningamagn og almennt sparifé (M2) | 2775 | 1098 | 1830 | 1470 |

| | Hreyfingar í % 1980 | 1981 | 1982 |
|---|---|---|---|
| Grunnfé | 75,6 | 53 | 42 |
| Seðlar og mynt í umferð | 39,2 | 82 | 37 |
| Útlán innlánsstofnana | 61,2 | 62 | 31 |
| Útlán án endurkaupa og lána til opinberra framkv. og sjóða | 58,1 | 61 | 29 |
| Heildarinnstæður innlánsstofnana | 67,7 | 61 | 35 |
| Endurkaup Seðlabanka | 69,0 | 40 | 30 |
| Bundnar innstæður vegna bindiskyldu | 76,5 | 87 | 34 |
| Lán bankakerfisins | 55,6 | 56 | 29 |
| Peningamagn og almennt sparifé (M2) | 65,5 | 66 | 32 |
| Peningamagn og sparifé (M3) | 65,4 | 62 | 35 |

## VI Erlend lán og greiðslujöfnuður

### Tafla 17 Greiðslujöfnuður við útlönd
Í m.kr.

| | 1980 | Áætlun 1981 | Lánsfjár-áætlun 1982 |
|---|---|---|---|
| Innfluttar vörur alls, f.o.b. | −4 312 | −6 350 | −8 650 |
| Skip og flugvélar | −245 | −315 | −335 |
| Til stóriðjuvera | −386 | −545 | −765 |
| Annar innflutningur | −3 681 | −5 490 | −7 550 |
| (þ. a. olía) | (−724) | (−1 010) | (−1 330) |
| (þ. a. annað) | (−2 957) | (−4 480) | (−6 220) |
| Útfluttar vörur alls, f.o.b. | 4 460 | 6 870 | 9 350 |
| Vöruskiptajöfnuður | 148 | 520 | 700 |
| Þjónustujöfnuður | −466 | −620 | −700 |
| Innflutt þjónusta | −1 819 | −2 450 | −3 200 |
| Útflutt þjónusta | 1 353 | 1 830 | 2 500 |
| Viðskiptajöfnuður | −318 | −100 | 0 |
| Viðskiptajöfnuður í % VÞF | −2,4 | −0,5 | – |
| Framlög án endurgjalds | −20 | −30 | −40 |
| Fjármagnsjöfnuður | 591 | 500 | 740 |
| Erlent einkafjármagn | 111 | ... | ... |
| Langar lántökur, nettó | 686 | 1 035 | 1 091 |
| Innkomin löng lán, alls | 1 062 | 1 735 | 2 071 |
| Afborganir | −376 | −700 | −980 |
| Stuttar fjármagnshreyfingar, nettó | −206 | −535 | −351 |
| Úthlutun sérstakra dráttarréttinda við IMF | 16 | 30 | ... |
| Heildargreiðslujöfnuður | 269 | 400 | 700 |

## Tafla 18 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum þeirra

Í m.kr.

| | 1980 | Bráðab.-tölur 1981 | Lánsfjár-áætlun 1982 |
|---|---|---|---|
| I Opinberir aðilar | 470 | 789 | 1 036 |
| Innkomin | 587 | 1 017 | 1 346 |
| Afborganir | 117 | 228 | 310 |
| 1. Ríkissjóður og ríkisstofnanir, nettó | 52 | 40 | 42 |
| Innkomin | 71 | 64 | 93 |
| Afborganir | 19 | 24 | 28 |
| 2. Ríkisfyrirtæki, nettó | 317 | 584 | 915 |
| Innkomin | 383 | 739 | 1 113 |
| Afborganir | 66 | 155 | 190 |
| 3. Fyrirtæki sveitarfélaga, nettó | 102 | 167 | 48 |
| Innkomin | 130 | 212 | 138 |
| Afborganir | 28 | 45 | 90 |
| 4. Sveitarfélög, nettó | −1 | −2 | – |
| Innkomin | 3 | 2 | 2 |
| Afborganir | 4 | 4 | 2 |
| II Atvinnuvegir, nettó | 241 | 227 | 40 |
| Innkomin | 413 | 579 | 535 |
| Afborganir | 172 | 352 | 495 |
| III Framkvæmdasjóður, nettó | −14 | 2 | 24 |
| Innkomin | 60 | 100 | 164 |
| Afborganir | 74 | 98 | 140 |
| IV Fiskveiðasjóður, nettó | −4 | −8 | −12 |
| Innkomin | – | – | – |
| Afborganir | 4 | 8 | 12 |
| V Aðrar lánastofnanir, nettó | −7 | 25 | 3 |
| Innkomin | 2 | 39 | 26 |
| Afborganir | 9 | 14 | 23 |
| VI Löng lán alls, nettó | 686 | 1 035 | 1 091 |
| Innkomin | 1 062 | 1 735 | 2 071 |
| Afborganir | 376 | 700 | 980 |
| Meðtalin að ofan lán viðskiptabanka | 94 | | |
| Innkomin | 189 | | |
| Afborganir | 95 | | |